

MONITORBLAÐIÐ



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

For more information call 354 5115500



Shop online at Diesel.com

BE STUPID **DIESEL**
FOR SUCCESSFUL LIVING



Gleði-gjafinn Sollu styrðá

Mynd/Árni Sæberg

Unnur Eggertsdóttir þreytir frumraun sína í bleika búningnum á Latabæjarhátíðinni á laugardaginn.

„Ég sá auglýst í blaðinu að það væru prufur fyrir hlutverkið. Vinkonur mínar og mamma mín þrýstu á mig að mæta og ég ákvað að skella mér,“ segir Unnur Eggertsdóttir, 17 ára verslunarskólamaer, sem hreppti á dögnum hlutverk Sollu styrðu í Latabæ. Unnur stígur á sviði í hlutverki Sollu í fyrsta skipti á laugardaginn, þegar Latabæjarhátíðin verður haldin í Laugardalshöll. Hátíðin er ekki aðeins söguleg fyrir þær sakir að Unnur verður afhjúpuð í gervi Sollu, heldur hefur Magnús Scheving lýst því yfir að þetta sé í síðasta skipti sem hann leikur Íþróttalaufinn á skemmtunum. Unnur er hæstánægð með nýja starfið, en nokkur hundruð stúlkur á öllum aldri sóttu um

hlutverkið. „Allt í einu bönkuðu þeir upp á í skólastofunni minni í Versló, með Bylgjunni og Íslandi í dag, og tilkynntu mér að ég hefði fengið hlutverkið. Ég var alltaf að bíða eftir símtali og var komin í hálfgerðan mínus því ég hélt ég myndi ekki fá þetta. En svo birtust þeir bara í skólanum. Þetta var alveg frábært,“ segir Unnur.

Stór fótspor að feta í

Forveri Unnar í hlutverki Sollu var leikkonan Linda Ásgeirsdóttir, en hún hafði verið „stirð“ í 11 ár áður en hún lagði búninginn á hilluna. Unnur segist vel geta hugsað sér að vera að minnsta kosti jafn lengi í hlutverkinu. „Það væri ekki leiðinlegt. Linda lýsti þessu sem einhverju því skemmtilegasta sem hún hefur gert á ævi sinni, þannig að ég hlakka mikið til að byrja. Það eru stór fótspor sem ég þarf að feta í,“ segir Unnur, sem á von á því að það verði mikið að gera í sumar. „Ég á að koma

fram á alls konar hátíðum og kíkja í leikskóla, þar sem ég syng og dansa og reyni að fá krakkana með í fjörið.“

Leikkonustarfið heillar

Unnur er langt frá því að vera ókunnug því að koma fram, en þegar hún var yngri lék hún í leikritinu Skilaboðaskjóðunni og nú í vetur var



Latabæjarhátíð

Latabæjarhátíðin hefst klukkan 15 á laugardag. Magnús Scheving segir að þetta verði síðasta skiptið sem hann bregður sér í gervi Íþróttalaufsins. Auk Unnar og Magnúsar er von á landsliði gleðigjafa, svo sem Sveppa, Jóhönnu Guðrúnu, Ladda og Ingó úr Veðurguðunum.


Hún segir að leiklistin hafi óneitanlega tekið tíma frá skólanum og Solluhlutverkið mun vafalaust ekki hjálpa í þeim efnum. „Það er stundum svolítið erfitt að tvinna þetta saman. En skólafyrirvöld hafa verið skilningsrík, eða að minnsta kosti stundum,“ segir Unnur og hlær.

Monitor mælir með

Á NETINU *Between Two Ferns* er vefþáttur með grínleikaranum Zach Galifianakis í aðalhlutverki. Galifianakis fær til sín frægt fólk á borð við Natalie Portman, Bradley Cooper og Michael Cera og gjörsamlega grillar það í svívírólega myndum viðtölum. Þættina má finna á vefnum Funny Or Die og á YouTube.



Í SPILARANUM *Plastic Beach* er nýjasta breiðskífa Gorillaz. Hin stórgóðu lög Stylo og On Melancholy Hill eru þegar farin að fá mikla spilun í útvarpinu, en platan öll er alveg fáránlega svöl. 8,5 í einkunn á Pitchfork Media og fimm stjörnur í Rolling Stone segir allt sem segja þarf.



FYRIR SAMVIKUNA Mottu-mars er nett framtak, sem fær endalast hrós frá Monitor. Stórskemmtileg hugmynd til að vekja athygli á góðu málefni. Ef þú ert ekki þegar búinn að heita á vin þinn, sem hafði fyrir því að safna í Tom Selleck, skaltu gera það ekki seinna en í gær.



Í MAGANN Eldsmiðjan býður 10 ára gamalt verð á pítsum út mars og gefur Íslendingum þar með tækifæri til þess að borða syndsamlega góðan mat á kristilegu verði. El Pollo Loco er pungurinn!



Vikan á... facebook

Brynjar Þór Björnsson Þakka fyrir kveðjurnar og minni í leiðinni menn og konur á stórleik KR-ÍR á morgun! Fyrsti leikurinn í Baráttunni um Borgina!
24. mars 2010 kl. 11:43

Jónína Benediktsdóttir Elsku vinir og vandamenn. Við Gunnar Þorsteinsson giftum okkur í gær í viðurvist barnanna okkar og Séra Maríu Ágúst-dóttur prests í Hallgrímsskirkju. Við stefnum að því að fagna hjónabandi okkar í sumar með ærlegri veislu. Vegna sögusagna um málið vildi ég segja ykkur þetta sjálf. Við erum gríðarlega hamingjusöm og þakklát...
22. mars 2010 kl. 09:04

Lilja Ingibjargardóttir er mjög sátt við lögin sem voru sett á alþingi í dag :)
23. mars 2010 kl. 19:35

Unnur B. Vilhjálmsdóttir - hugsa til hrossanna minna í Fljóts-hlíðinni. 21. mars 2010 kl. 02:40

Efst í huga Monitor

Kæri lesandi

Monitor er orðið vikublað og þetta er fyrsta tölublaðið. Við sem erum um borð í Monitor-skútunni erum að sjálfsögðu himinlifandi, því nú fáum við að sigla til þín vikulega. Blaðinu verður sem fyrr dreift fritt í verslunum, bensínstöðvum, skólum og á kaffihúsum um land allt, en auk þess fylgir það með Morgunblaðinu inn á heimili allra áskrifenda þess. Það verður því vonandi erfitt fyrir okkur að fara framhjá þér.

Vikublaðið kemur til með að dansa eftir sama takti og tímaritid gerði. Skemmtilegt og áhugavert fólk verður áfram í fyrirrúmi, en meiri áhersla lögð á atburði líðandi stundar og viðburði helgarinnar. Þannig munum við taka fyrir tónleika, listasýningar, frumsýningar kvikmyndahúsa, það helsta í sjónvarpi og aðra flotta viðburði. Jafnframt munum við að sjálfsögðu segja þér fréttir og spjalla við fólk sem þú vilt lesa um. Aðalatriðið er að gera skemmtilegt og ferskt blað og við viljum þína hjálp til þess. Sendu okkur póst, finndu okkur á Facebook og gefðu okkur háa fimmu á fönnum vegi. Þetta blað er fyrir þig.

Það er bjart framundan. Vindurinn er farinn að þenja segl Monitor-skútunnar og nú siglum við eins og vitfirringar í átt til spennandi tíma. Engir ísjakar eru í auglýsingu. Vonandi verður þú um borð með okkur.



Allt í botn!
Björn Bragi Arnarsson, ritstjóri

Feitast í blaðinu

Logi Geirsson flytur til Íslands í sumar og ætlar að byrja með einkabjálfun >>>4

Bróðir Svartúlfs kom sér á kortið með sigri í Músíktilraunum í fyrra >>>8

Úrslit Gettu betur fara fram á laugardag. Ítarleg úttekt á keppninni og keppendum >>>10

Ólafur Darri er heitasti leikarinn í dag og vinur Gerard Butler >>>12

Filófaxið er ómissandi Biblíja þeirra sem ætla ekki að sitja heima um helgina >>>18



Allir vilja einkabjálfun hjá Loga



Logi Geirsson flytur til Íslands í sumar og íhugar að leika eitt tímabil hér á landi.

Það er mikið um að vera hjá handknattleikshetjunni Loga Geirssyni um þessar mundir. Logi á von á sínu fyrsta barni í sumar, er að skrifa bók um ævi sína og lýkur einkabjálfanámi hjá Keili í ágúst. Þá rennur samningur hans við Lemgo í Þýskalandi út eftir þetta tímabil og segir hann koma til greina að leika á Íslandi næsta vetur.

Of þungir eða atvinnumenn?

Logi skrifaði á Facebook-síðu sína á dögunum að hann ætlaði sér að taka nokkra vel valda í einkabjálfun í sumar og bauð áhugasömum að senda sér skilaboð. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Ég fékk strax póst frá einhverjum 150 eða 200 manns, sem vilja koma í einkabjálfun. Ég stoppaði þetta nú bara strax. Ég vil ekki gera fólki það að vera að bjóða því í einkabjálfun og geta svo ekki tekið 10% af þeim,“ segir Logi.

Hann segist ætla að skipuleggja sig vel fyrir sumarið, en er ekki búinn að ákveða hvort hann fær til sín sauðsvartan almúgann eða einbeittir sér að íþróttamönnum. „Maður er svona að skoða hvort maður eigi að taka að sér til dæmis fólk í yfirþyngd eða verðandi atvinnumenn,“ segir Logi. Á meðal þeirra sem höfðu samband voru margir ungir handboltastrákar. „Mér finnst kannski mest krefjandi að vinna með krökkum sem stefna á að fara í atvinnumennsku og í þetta umhverfi sem ég hef verið í. Ég er náttúrulega rétti maðurinn til að hjálpa þessum strákum.“

Spilar kannski á Íslandi

Samningur Loga við Lemgo rennur út eftir þetta tímabil og segir hann að enn sé allt óráðið varðandi framtíðina. „Ég er að koma úr langvarandi meiðslum og er kannski ekki í bestu samningsstöðunni. Ég hef fundið fyrir áhuga hjá mörgum liðum, en er kannski ekki með nein svakalega spennandi tilboð á borðinu. Það hefur ekkert komið frá stóru liðunum í Þýskalandi, en ég veit af áhuga til dæmis í Frakklandi, á Spáni og í Dubai,“ segir Logi.

Hann segir jafnvel koma til greina að leika eitt tímabil í íslensku deildinni. „Ég er þekktur fyrir ævintýri og það getur vel verið að ég komi heim og spili eitt tímabil í íslensku deildinni. Maður fær leiða á öllu til lengdar og mig langar að brjóta þetta aðeins upp.“ segir Logi og bætir við að hann vilji einnig vera nálægt fjölskyldunni þegar barnið kemur í heiminn. Ljóst er að Logi mun að minnsta kosti þurfa að skreppa til Íslands á næsta afmælisdegi sínum, 10. október. Þá kemur út bók um ævi hans, sem Logi skrifar ásamt Henry Birgi Gunnarssyni íþróttáfréttamanni. „Ég get sagt að þetta verður skrautleg bók. Þetta verður mjög einlægt og persónulegt og ég ætla að segja frá hlutum sem foreldrar mínir og kærastan vita ekki einu sinni,“ segir Logi. Það má því fastlega gera ráð fyrir að fjölskyldan verði spennit að sjá útkomuna. „Það er ekki spurning, mamma kaupir fyrsta eintakið,“ segir Logi og hlær.



LOGI OG INGIBJÖRG LÁTA SÉR EKKI LEIÐAST ÞÓTT ÞAU FESTIST Í LYFTU

Barnið kemur 4. júlí

Logi býr með kærustu sinni, Ingibjörgu Elvu Vilbergsdóttur körfuknattleikskonu, og eiga þau von á sínu fyrsta barni, sem á að fæðast 4. júlí. Logi og Ingibjörg fóru að vera saman í byrjun árs 2009, svo hlutirnir hafa verið fljótir að gerast. „Góðir hlutir geta líka gerst hratt. Það er bara þannig,“ segir Logi. „Það var einmitt 4. júlí í fyrra, þegar við vorum stödd í Flórída, sem við tókum ákvörðun um að eignast barn. Svo í október fengum við að vita að hún ætti von á sér einmitt á þessum degi. Við hlógum mikið að þessu,“ segir Logi.

Æfðu og borðaðu eins og Logi

LOGI ER SVALARI EN ÍS. INGIBJÖRG ELVA ER HEITARI EN SJÁLFAUR FIMMVÖRÐUHALS.

	Númer: 23	Nafn: Logi Geirsson					
Fæðingardagur: 10.10.1982	Hæð: 190 cm	Þyngd: 94 kg					
Mataræði							
Lýkilatriði:	Lætur í fríði:						
Mikið vatn	Smjör						
Kjúklingur	Hvitt brauð						
Pasta	Fitu						
Hreint kjöt	Gos						
Stór morgunverður	Nanmi						
Orkuþörf yfir daginn:							
Orka	hitaeiningar	Lágmark 4004 Hámark 5245					
Kolvetni	grömm	658 940					
Prótein	grömm	132 160					
Fita	grömm	94					
Hefðbundin skipting hitaeininga yfir daginn:							
Máltíð	Hitaeiningar						
Morgunmatur	577						
Hádegismatur	1347						
Snarl	577						
Kvöldmatur	962						
Snarl	385						
Samtals	4625						
Æfingar							
	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
Morgunn	Hlaup og lyftingar	Lyftingar + myndbönd	Sjúkraþjálfun	Skokk	Sjúkraþjálfun		
Miður dagur						Leikur	Frí
Kvöld	Í sal	Í sal	Leikur		Æfing + myndbönd		



Logi Geirsson er búinn að fylla vinakvóttann sinn á Facebook, en hann á 4.997 vini þegar þetta er skrifað. Monitor heitir þúsund krónum á Loga ef hann man nöfn þeirra allra.

Áhrifjarík meðferð

við sveppasýkingum í leggöngum

Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Meðferð með Pevaryl® skeiðarstílum gefur háa tíðni lækningar og skjóta linun einkenna.

Pevaryl® er bæði fánlegt sem mjúkur skeiðarstill og krem. Leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða, leitið lækni.

Pevaryl® 150 mg skeiðarstílar, Pevaryl Depot® 150 mg skeiðarstill með forðaverkun. Pevaryl® 1% krem. (ekónazól). Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins *candida albicans*. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitið til lækni eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota lyfið með þessum getnaðarvörnum. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



Pevaryl® fæst án lyfseðils

Fangaðu augnablikið með Canon

Hvaða mynd sem er getur sýnt stað, manneskju eða viðburð. Frábær mynd segir sögu. Með Canon myndavélum eiga allir möguleika á að vera frábærir sögumenn. Taktu meira en myndir. Taktu sögur. Canon myndavélar fyrir allar aðstæður.



Eldgos í Eyjafjallajökli. Tekin á Canon EOS 7D. Ljós. RAX

Viðurkenndir söluaðilar um land allt. Nánari upplýsingar á: www.canon.nyherji.is Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook



Á INDIEGOGO.COM/BORGRIKI ER HÆGT AÐ KAUPA SÉR HLUTVERK Á MÓTI ÞESSUM

Viltu kaupa hlutverk á móti Ingvari E?

Ólafur Jóhannesson fer frumlegar leiðir við að fjármagna kvikmynd sína, **Borgríki**.

„Erlend glæpasamtök ákveða að taka yfir eiturfjarmarkaðinn á Íslandi. Fylgst er með fjórum einstaklingum sem munu tortíma

á móti stórleikurum á borð við Ingvar E. Sigurðsson og Björn Hlyn Haraldsson.

„Þetta er eitthvað sem tíðkast mikið í Bandaríkjunum, þar sem eru ekki kvikmyndasjóðir. Þá eru myndir gjarnan fjármagnaðar með frjálsum framlægum,“ segir Ólafur, en telur að þessi leið hafi ekki verið farin áður hér á landi. Hann segir árferðið afar erfitt fyrir kvikmynda-gerð, en þreyta gagnvart þjóðfélagsumræðunni og –ástandinu var stór ástæða fyrir því að hann ákvað að ráðast í verkið. „Ég hef aldrei tekið þátt í kvikmynd þar sem eins mikill samhugur ríkir.“

Hvað fæst fyrir framlæg til Borgríkis?

\$100 Áritaður DVD-diskur og bíómiði

\$250 Áritaður DVD-diskur, miðar á sýninguna og þakkir á kreditlistanum.

\$500 Fjórir áritaðir DVD-diskar, fjórir miðar á frumsýninguna og þakkir á kreditlistanum.

\$1.000 Sex áritaðir DVD-diskar, sex miðar á frumsýninguna, þakkir á kreditlistanum og aukahlutverk í myndinni.



getur fólk stutt verkefnið fjárhagslega gegn ýmsum skemmtilegum glaðningum. Þeim sem eru tilbúnir að reiða fram þúsund dollara framlag stendur til boða lítið aukahlutverk í kvikmyndinni



HAUKUR VIÐAR OG FÉLAGAR ROKKA EINS OG VINDURINN

Mynd/Árni Torfason

Morðingjarnir: Nei, nú hringi ég í Jens!

Taka upp þrjú lög í hljóðveri og vilja fá Jens Hansson úr Sálinni með sér í lið.

Þónkpoppsveitin Morðingjarnir drepur engan þessa dagana, því hún eyðir öllum sínum tíma í hljóðveri þar sem stefnan er að taka upp þrjú lög. Eitt þeirra fer á safnplötu í sumar, en hin tvö eru ætluð til spilunar í lok þessa árs. „Við erum svona að klára að hlaupa af okkur popphornin. Það er mikið líf og fjör í þessum lögum,“ segir Haukur Viðar Alfreðsson, forsprakki sveitarinnar.

Söngkonan Þórunn Antonía syngur með Morðingjunum í einu laganna, sem ætti að gefa ágætis fyrirheit um að slagari sé í fæðingu. „Okkur finnst voða gaman að fá flinka músikanta til að syngja og spila með okkur.

Þannig koma oft nýir og ferskir vinklar á tónlistina,“ segir Haukur. Á plötunni Flóttinn mikli, sem Morðingjarnir gáfu út fyrir júl, var einmitt að finna lag sem Haukur söng á móti Katrínu Mogensen úr Mammút.

Það er þó annar tónlistarmaður sem Morðingjana dreymir mest um að fá til að leggja hönd á plóginn. „Draumurinn er að fá Jens Hansson úr Sálinni til að taka saxófónsólu. En þá verðum við að hringja í Jens. Það er gaman að hafa ástæðu til að segja: „Nei, nú hringi ég í Jens,“ segir Haukur, en ítrekar að áhuginn á Jens sé eingöngu tilkominn vegna saxófónhæfileika hans.

Frábær saga er sögð með stæl

Ixus sameinar fagað útlit og frumkvöðla ljósmyndataekni. Að taka frábærar myndir við allar aðstæður hefur aldrei verið auðveldara þar sem Scene Detection tækni Canon velur á milli 18 hentugustu tókustillingana eftir því hverjar aðstæðurnar eru.



Frábær saga snýst um uppgötvun

Farðu lengra með Canon EOS - yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og auka hlutir sem tryggja sveigjanleika: Prautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Upphald ljósmyndara um allan heim.



Canon

Enginn að drulla yfir Heru



Aserbaídsjan líklegast til að vinna Eurovision

Veðbankar víða um heim eru þegar farnir að bjóða fólki að veðja á mögulegan sigurvegara Eurovision, en keppnin verður haldin 29. maí næstkomandi í Ósló. Breski veðbankinn William Hill, sem er einn sá stærsti í heimi, hefur ekki mikla trú á að íslenska lagið fagni sigri. William Hill setur Heru þó í efri hlutann og gefur stuðulinn 41 á sigur hennar. Það þýðir að ef þúsund krónur eru lagðar á íslenskan sigur og Hera hreppir hnossið fær viðkomandi 41 þúsund krónur.

„Ég er ekkert að fylgjast með þessum veðbönkum og efast um að ég geri það nokkuð. Ég einbeiti mér bara að mínu atriði og það gengur mjög vel,“ segir Hera, sem var stödd í London í vikunni þegar Monitor náði tali af henni. Hún kveðst hafa fundið fyrir góðum viðbrögðum við atriðinu erlendis. „Allt sem ég fæ að heyra er bara jákvætt. Það er allavega enginn að drulla yfir mig í eigin persónu,“ segir Hera og hlær.

Veðbankar virðast flestir sammála um að framlag Aserbaídsjans sé það sigurstranglegasta í ár, en Aserar senda 17 ára stúlku að nafni Safura Alizadeh með lagið Drip Drop. Dönnum og Norðmönnum er sömuleiðis spáð góðu gengi. Norðmenn senda 22 ára fola að nafni Didrik Solli-Tangen og syngur hann lagið My Heart Is Yours. Danir veðja hins vegar á lagið In a Moment Like This með flytjendunum Chanée og Thomas Nevergren.



William HILL

EFSTU ÞJÓÐIR

1.	Aserbaídsjan	3,50
2.	Ísrael	6,00
3.	Danmörk	9,00
4.-5.	Noregur	11,00
3.-5.	Krótía	11,00
14.-15.	Ísland	41,00
14.-15.	Albanía	41,00

Makedónska, pólska og slóvenska lagið eru hins vegar hvert öðru hræðilegra að mati Williams Hills og fá öll stuðulinn 201.

HERA LEGGUR ALLT UNDIR Í ÓSLÓ. ÞÓ EKKI Í FJÁR- HAGSLEGUM SKILNINGI



Á BIGGIBIX.COM MÁ HEYRA LÖGIN OH MY OH MY OG SITUATION

Vinsæll í skóla í Argentínu

Mynd/Baldur Pan

Biggibix gefur út plötuna Set Me On Fire

Tónlistarmaðurinn Biggibix, sem Þjóðskrá kallar Birgi Örn Sigurjónsson, gefur á föstudag út sína fyrstu plötu. Gripurinn ber heitið Set Me On Fire og er um að ræða 11 laga breiðskífu. „Ég tók plötuna tvisvar upp. Hún átti upphaflega að koma út í fyrra, en ég lenti í því að harði diskurinn í hljóðverinu hrundi og það fundust ekki afrit. Það var alveg endalaust vesen, þannig að það var bara byrjað á byrjuninni aftur,“ segir Biggibix, sem er hæstánægður með útkomuna.

Tvö lög af plötunni voru send í spilun í fyrra, Situation og Oh My Oh My, og fengu þau finar viðtökur. Hið síðarnefnda vakti meðal annars athygli í Argentínu. „Argentínur skur kennari, sem var staddur hérna í

fyrra, heyrði lagið og fór með það í skólann sinn úti. Þar sló það í gegn og var meðal annars tekið á bæjarhátíð með einhverjum 100 nemendum,“ segir Biggibix.

Set Me On Fire var tekin upp í Tankinum á Flateyri, en sjálfur er Biggibix búsettur á Ísafirði og þar starfar hann sem grafískur hönnuður. Hann segir mikla stemningu ríkja í bænum um þessar mundir, eins og endranær þegar páskarnir nálgast, enda tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður á næsta leiti. Þar verður Biggibix á meðal þeirra sem troða upp. „Ég ætla að flytja meirihlutann af lögunum á nýju plötunni. Menn mega bara búast við hörkustuði og vonandi að sem flestir láti sjá sig,“ segir Biggibix.

Frábær saga er persónuleg

Með PowerShot SX myndavélum getur þú farið mjög nálægt - allt að 20x aðdráttur - og nýtt kosti 28mm gleiðlinsu í landslags- og hópmyndir. Handvirkir eiginleikar auka sköpunarmöguleika þína og þú ert með hina fullkomnu smá-myndavél.



Canon

Mun snúa aftur í fjölmiðla

Nýtt tímabil að hefjast hjá Ingu Lind

„Fjölmiðlar eru það sem ég er búin að vinna við í fjórtán ár, semsagt alla mína starfsævi. Þetta er það sem ég geri og kann. Hugur minn verður áfram í fjölmiðlum, það er ekki nokkur einasta spurning,“ segir Inga Lind Karlsdóttir. Hún hefur undanfarið hálf títill á haft umsjón með fréttatíma Skjás eins, en vegna erfiðra aðstæðna verður hann brátt lagður niður.

„Þessi tími var alveg meiriháttar skemmtilegur og lærdómsríkur. Ef ég væri í dag beðin um að taka þetta verkefni að mér, vitandi að það myndi ekki endast lengur en rúmlega hálf títill, myndi ég samt hikaust slá til. Það sýndi sig líka alveg að það er pláss fyrir svona fréttapátt en umhverfið sem við bjuggum við varð á endanum of erfitt,“ segir hún. Inga Lind

kvíðir því þó ekki að sitja aðgerðalaus. „Það er gott að víkka út sjóndeildarhringinn með námi eins og ég er að gera núna,“ segir Inga, en hún er í listasögu í HÍ. Auk þess á hún stóra fjölskyldu sem hún hlakkar til að eyða tíma með. „Ég á fimm börn og þau þurfa sinn tíma líka. Það er alveg heilmikið fyrirtæki að reka heimilið mitt. Það er alltaf eitt og annað sem þarf að gera þar, ég þarf til dæmis að flokka sokkana mína, þeir eru komnir í algert rugl,“ segir Inga og hlær.

Hún ætlar einnig að nýta tímann og ferðast innanlands í sumar. „Ég ætla mér að njóta íslenskrar náttúru. Ég slæ því þó sennilega á frest að ganga Fimmvörðuháls og fer frekar í göngutúra nálægt borginni.“



INGA LIND ÆTLAR AÐ FLOKKA SOKKANA SÍNA



Eurovision á næsta ári

Bróðir Svartúlfs sigraði í Músíktílaunum í fyrra

Úrslitakvöld Músíktílauna fer fram á laugardaginn. Bróðir Svartúlfs vann keppnina í fyrra og segir Helgi Sæmundur Guðmundsson, aðallagahöfundur sveitarinnar, engu lagið um hversu góður stökkpallur það sé fyrir unga og nýstofnaða hljómsveit. Bróðir Svartúlfs gaf út sex laga breiðskífu um jólin, en nú eru meðlimir sveitarinnar sveittir að semja og æfa efni fyrir væntanlega breiðskífu. Monitor náði í skottið á Helga þegar hann var á leiðinni á hljómsveitaræfingu.

Hvaða þýðingu hafði það fyrir ykkur sem hljómsveit að vinna keppnina?

Fyrst og fremst var þetta frábær stökkpallur, sérstaklega fyrir hljómsveit sem er nýbyrjuð og kemur frá Sauðárkróki. Fólk í músíkbransanum fór að taka eftir okkur og við höfum mikið fengið að spila. Þetta auðveldaði okkur mikið að koma okkur á framfæri.

Dr. Gunní sagði að við værum að skíta upp á bak í markaðssetningu.

Hvað hefur þú gefið margar eiginhandar-áritanir síðan þið unnuð?

Ábyggilega alveg þrjár eða fjórar, en ekki mikið meira en það. Þetta gerist á nokkurra mánaða fresti. Reyndar árituðum við diskinn svolítið og það telst kannski líka með.

Hvað er málið með nafnið á hljómsveitinni?

Arnar Freyr (söngvari) var einhvern tímann fullur á Hvammstanga og hélt að

einhver náungi hefði kallað hann „bróður Svartúlfs“. Þegar hann vaknaði daginn eftir var þetta alveg fast í hausnum á honum. Svo þegar hljómsveitin varð til ákváðum við að nota þetta nafn.

Er Bróðir Svartúlfs ekki það besta sem Sauðárkrókur hefur alið af sér?

Ég þori eiginlega ekki að svara þessu. Þau eru vonandi ánægð með okkur á Sauðárkróki. En svo er Geirmundur Valtýsson náttúrlega þjóðhetja á Króknum.

Hvað með Auðun Blöndal og Sverri Bergmann?

Ég þekki Auðun Blöndal reyndar ekkert, en Sverri Bergmann er frábær gaur og náttúrlega ógeðslega góður söngvari. Við vorum einmitt að spila með honum um daginn.

Hvað gera menn sér til skemmtunar á Sauðárkróki?

Á Sauðárkróki vorum við með aðstöðu í verksmiðju sem heitir Loðskinn. Maður vaknaði og fór í skólann og eftir skóla fór maður niður í Loðskinn að spila. Þetta var það eina sem maður gerði. Svo á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum fór maður að fá sér bjór. En svo fer fólk líka á körfuboltaleiki og svona.

En nú eruð þið allir fluttir til Reykjavíkur?

Allir nema gítarleikarinn. Við höfum verið að vinna í því að fá hann hingað, en hann er svo mikill sveitamaður í sér. Ég held að hann sé hræddur við borgina. Hann á líka rollur sem hann þarf að sjá um.

Þið gáfuð út sex laga plötu um jólin. Hvers vegna ákváðuð þið að ráðast í útgáfu strax í stað þess að klára breiðskífu?

Aðalástæðan fyrir því að við drifum okkar svona var sú að það var mikið pressað á okkur að gefa eitthvað út sem fyrst, svo fólk hefði eitthvað frá okkur á milli handanna. Við ákváðum að kyla á það og vildum gefa fólk eitthvað, svo við yrðum ekki gleymdir strax.

Og hvernig hefur gengið að meika það?

Við höfum verið mikið spilaðir á Rás 2, en eitthvað minna annars staðar. Við höfum kannski verið svolítið lélegir í að koma okkur á framfæri. Dr. Gunní sagði að við værum að skíta upp á bak í markaðssetningu.

Af hverju er Bróðir Svartúlfs ekki að fara að keppa fyrir Íslands hönd í Eurovision í maí?

Ég hef ekki glóru. Djöfull hefðum við átt að fara í það. Ég veit að Andri trommarinn okkar væri mjög til í það. Hann er mikill aðdáandi Eurovision. Eigum við ekki að segja að við stefnum á Eurovision á næsta ári.

Hvar verður Bróðir Svartúlfs eftir fimm ár?

Vonandi verðum við búnir að gefa út þrjár plötur og eignast nógu mikinn pening til að kaupa verksmiðjuna Loðskinn. Það var leiðinlegt að þurfa að fara þaðan.

Og já...

• Tónleikastaðurinn **Batteri-íð** brann aðfaranótt þriðjudags, sem eru sannarlega glötuð tíðindi. Nú bíðum við bara spennu eftir að staðurinn risi úr öskustónni og verði opnaður á nýjan leik. Þá munu menn væntanlega sjá sér leik á borði og bjóða í Burn-partí á heitasta stað landsins, eins og virðist vera venjan þegar skemmtistaðir brenna.

• Hljómsveitin **Mínus** lenti illa í því, en hljóðfæri meðlima sveitarinnar voru inni á **Batteriinu** þegar staðurinn brann. **Dr. Gunní** var ekki lengi að skella inn frétt undir fyrirsögninni: „Allt í mínus hjá Mínus.“ Doktorinn hefur eflaust beðið lengi eftir því að geta notað þessa.

• Til stóð að gera ekkert myndband við Eurovision-lag **Heru Bjarkar**, Je Ne Sais Quoi, vegna niðurskurðar. **Nemendur Kvikmyndaskóla Íslands** tóku það ekki í mál og ætla að gera myndband fyrir söngkonuna fritt.

• **Alþingi** ætlar að ráðast gegn óhóflegri ljósabekkjantöku og hefur samþykkt bann við notkun einstaklinga yngri en 18 ára. **Ungskinkur** landsins eru í bráðri útrýmingarhættu.

• **Alþingi** hefur líka samþykkt bann við strippbúllum. Það er kannski eins gott því menn strippa ekki mikið ef þeir eru ekki sómasamlega tanaðir.

• **Steindi Jr.** er á framboðslista **Vinstri grænna** í sveitarstjórnarkosningum í Mosfellsbæ. Steindi byrjar með sjónvarpsþáttinn **Steindinn** okkar á **Stöð 2** í apríl, en þar á bæ voru menn ekki þar sáttir. **Pálmi Guðmundsson** sagði stöðina ekki vilja blanda sér í stjórnmálin og kallaði Steinda á teppið.

• Stúlknasveitin **Elektra** ætlaði sér aldeilis að vekja athygli með nýjasta myndbandi sínu, við lagið **I Don't Do Boys**. Í myndbandinu sjást ungar konur í flöskustút og sleik við hver aðra eins og enginn sé morgundagurinn. Elektra setti myndbandið á YouTube, en forsvarsmenn vefsins voru ekki lengi að banna myndbandið þar sem það þótti ósiðlegt.

• Þá brá **Elektra** á það ráð að birta myndbandið á Facebook-síðu sinni. Forsvarsmenn Facebook voru litlu sáttari en YouTube og lokuðu aðgangi Elektru undir eins.

• **Elektra** og aðstandendur hennar liggja nú undir feld og velta því fyrir sér hvernig þeir geta komið vöru sinni upp á áhugamenn um flöskustút.

• Frétt vikunnar er tvímælalaust brúðkaup **Jónínu Ben** og **Gunnars í Krossinum**. Nú mega Brad Pitt og Angelina Jolie fara að vara sig, því Nína og Gunní reykja þau á stjórnumskalanum.

BRÓÐIR SVARTÚLFS

Meðlimir: Andri Þorleifsson, Arnar Freyr Frostason, Helgi Sæmundur Guðmundsson, Jón Atli Magnússon, Sigfús Arnar Benediktsson.
Heimabær: Sauðárkrókur.
Stofnuð: September 2008.
Þekktustu lög: Rólan sveiflast enn / Fyrirmyndarveruleikafloftamaður / Gullfalleg útgáfa af forljótum náunga.

MySpace brodirsvartulfs

BT



GOD OF WAR

Kratos er mættur hér í einhverri svakalegustu hefndarför tölvuleikjanna. Hér er engum hlift enda er þetta lokakaflinn í þessari mögnuðu sögu. Leikmenn fá fjölda nýrra vopna og möguleika í þessum svakalega leik sem verður klárlega einn sá besti þetta árið.

LEIKURINN ER STRANGLEGA BANNADUR INNAN 18 ÁRA

- 100 af 100 – Official PlayStation Magazine
- 100 af 100 – 1UP
- 93 af 100 – IGN.com
- 90 af 100 – Eurogamer.net

Eingöngu fyrir fermingarbörn eldri en 18 ára

Aðeins á Playstation 3

3 fyrir 2 á notuðum PS2 leikjum

TAKTU 3 BORGADU FYRIR 2

Við tökum við PS2 - PS3 - Wii og DS leikjum

Inneignarnótur BT gilda einnig í

ORMSSON



spilað & skillað

Playstation 3

STÆRRA MINNI GEYMSLURÝMI LÉTTARI

PS3 KERFIS UPPFÆRSLA 3.0



Blu-ray Disc

69.999



Nintendo



47.999

Hvít Nintendo wii

54.999

Svört Nintendo wii

Var að lenda

93% stærri skjár

39.999

Nintendo DSi XL ótrúlega skemmtileg leikjatölva

SJÓNVARP

SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

FIMMTUDAGUR 25. MARS



THE OFFICE
Skjár einn
20:10 Steve Carell er frábær í bandarísku útgáfunni af The Office sem gefur breska forvera sínum ekkert eftir. Ekki ráðlegt fyrir þá sem þola illa vandræðalegar aðstæður.

HAMBORGARA-FABRIKKAN

Stöð 2
20:10 Nýr raunveruleikaþáttur Simma og Jóa. Áhorfendur fá að fylgjast með öllu í undirbúningi opunar Hamborgarabrikunnar, sem er nýr veitingastaður þeirra félaga.

FÖSTUDAGUR 19. MARS



MOTTUMARS

Stöð 2
20:00 Útsending í opinni dagskrá til styrktar Krabbameinsfélaginu. Landslið karlgrínara mætir til leiks og lætur fólk hlæja eins og enginn sé morgundagurinn.

ÚTSVAR

RÚV
20:05 Seinni viður- eiginin í undanúrslitunum. Í síðustu viku komst Garðabær í úrslit og nú skýrist hvort það verður Reykjanesbær eða Reykjavík sem mætir þeim.

DJÚPA LAUGIN

Skjár einn
21:00 Í þættinum leggja íslensk ungmenni allt undir til að komast á draumastefnumótöð.

LAUGARDAGUR 20. MARS



PGA TOUR 2010

Stöð 2 sport
19:00 Bein útsending frá Arnold Palmer móttinu, sem laðar að sér marga af bestu kylfingum heims. Skylduáhorf fyrir gólfþjálfinguna.

SATURDAY NIGHT LIVE

Skjár einn
21:30 Sigourney Weaver er gestaleikari, með tilheyrandi Avatar- og Alien-gríni og James Cameron leikur meira að segja á skets. Ting Tings er hljómsveit þáttarins.

NOTEBOOK

Sjónvarpið
21:35 Róm- antísk dramamynd með Ryan Gosling og Rachel McAdams í aðalhlutverkum. Örugg ávisun á 10 vasaklúta. Fær 8,0 í einkunn á IMDB.

SUNNUDAGUR 21. MARS

FORBRYDELSEN

Sjónvarpið
20:20 Danir kunna að gera gott sjónvarpsfni. Það er engin tilviljun að þessi fánalega góði spennuþáttur fékk að meðaltali þriðjung dönsku þjóðarinnar að skjánum. Þetta er sjötti þáttur af tíu.

EL ORFANATO

Sjónvarpið
21:20 Skömmu eftir að kona opnar heimili fyrir fötlud börn týnist sonur hennar. Hrikalega góð spænsk hryllingsmynd, sem meira að segja þeir sem þola ekki hryllingsmyndir geta elskað. Fær 7,7 í einkunn á IMDB.



LAUGARDAGUR KL. 19:40

ÚRSLIT GETTU BETUR

Slagur stórveldanna

Versló og MR mætast í úrslitaviðureign Gettu betur

Úrslitaviðureign spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, fer fram á laugardagskvöldið. Þar mætast fornir fjendur, Versló og MR, sem hafa verið langsterkustu lið keppinnar í ár og má búast við blóðugum bardaga.

Dauður með Hljóðnemann í fanginu

Finnur Ágúst Ingimundarson, liðsmaður Versló, var að lesa íslenska bókmenntasögu þegar Monitor náði tali af honum. „Stemmingin í liðinu er ljómandi góð. Við eyðum orðið meiri tíma hver með öðrum en fjölskyldum okkar og því skiptir miklu máli að við erum allir góðir félagar. Það er frábær andi í liðinu,“ segir Finnur.

Þótt Gettu betur hafi löngum verið stimplað nördasport, segir Finnur að ákveðinn roksjarmi sé yfir keppninni. „Maður hefur heyrt sögur af góðum mönnum sem dóu drykkjudaða með Hljóðnemann í fanginu, eftir sigur í úrslitunum,“ segir hann. Þrátt fyrir það hafa grúppíurnar látið bíða eftir sér og neitar Finnur því að árangur í keppninni tryggi árangur í rúm-

Sigurveggar frá upphafi

1986	Fjölbrautaskóli Suðurlands
1987	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
1988	Menntaskólinn í Reykjavík
1989	Menntaskólinn í Kópavogi
1990	Menntaskólinn við Sund
1991	Menntaskólinn á Akureyri
1992	Menntaskólinn á Akureyri
1993	Menntaskólinn í Reykjavík
1994	Menntaskólinn í Reykjavík
1995	Menntaskólinn í Reykjavík
1996	Menntaskólinn í Reykjavík
1997	Menntaskólinn í Reykjavík
1998	Menntaskólinn í Reykjavík
1999	Menntaskólinn í Reykjavík
2000	Menntaskólinn í Reykjavík
2001	Menntaskólinn í Reykjavík
2002	Menntaskólinn í Reykjavík
2003	Menntaskólinn í Reykjavík
2004	Verzlunarskóli Íslands
2005	Borgarholtskóli
2006	Menntaskólinn á Akureyri
2007	Menntaskólinn í Reykjavík
2008	Menntaskólinn í Reykjavík
2009	Menntaskólinn í Reykjavík
2010	?

fræði. „Ekki ennþá að minnsta kosti,“ segir hann og hlær.

Alltaf sami undirbúningur

Elías Karl Guðmundsson, for-

sprakki MR-liðsins, vill sem minnst segja um undirbúninginn. „Þetta er allt leyndó. Við erum bara að reyna að lesa eins mikið og við getum,“ segir hann. Elías játar þó að undirbúningurinn sé með sama sniði og undanfarin ár. „Það er hefð að liðið fer út að borða og í Neslaugina. Svo hittumst við heima hjá einhverjum og borðum, áður en við skundum niður í stúdíó.“

Auk þess að fara fyrir MR-liðinu í Gettu betur, keppir Elías í liði Garðabæjar í Útsvari. Hann neitar því hins vegar að hann sé ofurnörd. „Ég hef alveg tíma fyrir sjálfan mig líka. Ég fylgist mikið með fótbolta og körfubolta og geri eiginlega ekkert annað,“ segir Elías.

Hann er sömu skoðunar og Finnur, að roksjarmi einkenni keppnina fremur en annað.

Hann og Halldór liðsfélagi hans eru á föstu og þurfa því ekki að hafa fyrir því að berja af sér vonbiðla. „Ólafur er hins vegar á lausu og ég held að hann sé alveg til í að fara að setla niður. Hann er að leita,“ segir Elías. Kætast vafalaust ófár meyar við þau góðu tíðindi.

Ertu efni í Gettu betur meistara?

Spreyttu þig á 12 hraðaspurningum og kannaðu hvort þú myndir meika það í keppninni.

1. Í fána hvaða lands er að finna jólatré?
2. Hvers son var Gunnar á Hlíðarenda?
3. Hvað heitir forstjóri fyrirtækisins Apple?
4. Við hvaða kaupstað stendur Böggvísstaðafjall?
5. Undir hvaða nafni er Stefani Germanotta betur þekkt?
6. Hver skrifaði bókina Vopnin kvódd, sem Halldór Laxness þýddi á íslensku?



7. Hvað heitir teiknimyndapersónan Hruturinn Hreinn á frummálinu?
8. Hver hlaut á dögnum óskarsverðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Inglorious Basterds?
9. Hvaða handknattleiksmaður var valinn íþróttamaður ársins árið 1997?
10. Hvað heitir borgarstjóri Lundúna?
11. Hvaða frægi tiskuhönnuður stytta sér aldur í febrúar?
12. Hvaða frumefni hefur efnatáknið P í lotukerfinu?

10-12 RÉTT Ertu Stefán Pálsson í dulargervi? Ef þú ert ekki nú þegar með Gettu betur titil á bakinu ættirðu að leggja inn umsókn hjá næsta spurningaliði sem er að ráða. Þú ert algjörlega með þetta.

7-9 RÉTT Þú veist greinilega hvað þú syngur, þótt það vanti nokkuð upp á til að landa Hljóðnemanum. Myndir pottþétt komast í sjónvarpið, en ættir líklega ekki roð í ofurheilana þar.

4-6 RÉTT Alls ekki slæmt, en Eva María er ekki að fara að samþykkja vinaboð þitt á Facebook. Líklega ættirðu að láta þér nægja að reyna að sigrá félagana í Trivial Pursuit.

1-3 RÉTT Ekki taka þessu illa, en það er enginn skóli að fara að óska eftir króftum þínum í Gettu betur. Þú ættir ekki að koma nálægt keppninni, nema sem áhorfandi.

Sleppur við morðhótanir



„Það er ekkert stress á mér. Kosturinn við mitt starf er að ef eitthvað kemur upp á eru það yfirleitt spyrillinn og dómarrinn sem fá að heyrja það,“ segir Ásgeir Erlendsson, stigavörður í Gettu betur. „Ég ber svo litla ábyrgð. Stigavörðurinn getur alltaf átt náðugt kvöld eftir keppni á meðan það liggur við að dómarrinn fái morðhótanir ef eitthvað fer úrskeiðis,“ segir hann, en tekur fram að það hafi blessunarlega ekki gerst í ár. Ásgeir keppti sjálfur í Gettu betur fyrir hönd Versló, en Verslingar geta þó ekki átt von á því að fá sérmeðferð í stigagjöfnni. „Maður hefur alltaf

taugar til gamla skólans, en auðvitað gætir maður þess að vera fullkomlega hlutlaus. Fyrir utan það að ég er náttúrlega ekki í aðstöðu til þess að hafa áhrif á úrslitin. Það væri erfitt að komast upp með að lauma inn stigum fyrir framán 150 þúsund manns,“ segir Ásgeir og hlær. Það er skammt stórra hogg á milli hjá Ásgeiri því strax eftir helgi, þegar Gettu betur lýkur, hefjast sýningar á þættinum Skólahreysti, sem hann stýrir. Auk þess nemur Ásgeir sálfræði við Háskólann í Reykjavík. „Það gengur vel í skólanum og þetta er skemmtilegt nám. Ef maður er nógu skipulagður tekst manni að þúsla hlutunum saman,“ segir Ásgeir.


GULLDRENGURINN ÁSGEIR ERLENDSSON ER ATVINNUMADUR Í AÐ TELJA STIG

VERSLÓ

Nafn: Finnur Ágúst Ingimundarson.
Aldur: 20 ára.
Staða á vellinum: Hægri vængur.
Helstu sérsvið: Erfitt að segja, en annars á ég nælu sem á stendur: „Sumar stúlkur eru mitt sérsvið.“ Ég veit ekkert hvaðan hún kom.
Framtíðarlön: Maður er alltaf að flakka á milli. Einn daginn ætlaði ég að verða bóndi og þann næsta lögræðingur. Það er allt óráðið.
Staðan í úrslitunum er jöfn og eitt stig í pottinum. Hver er draumaspyrillingin? Hver er dýrasta klámmynd sögunnar?



Nafn: Stefán Þórsson.
Aldur: 18 ára.
Staða á vellinum: Miðjumaður.
Helstu sérsvið: Bindi 13 til 19 í Britannicu.
Framtíðarlön: Ég stefni á að taka inntökuprófið í læknisfræði í sumar.
Eva María forfallast og kemst ekki í úrslitabáttinn. Hver er draumaspyrillingin? Vernharður Linnét. Hann var alveg frábær spyrill. Hann var svo fljótur að svara rétt að menn þurftu varla að klára svörin áður en hann var búinn að segja: Rétt!




Nafn: Bjarki Ármannsson.
Aldur: 19 ára.
Staða á vellinum: Vinstri kantur.
Helstu sérsvið: Ég er tiskulögga liðsins.
Framtíðarlön: Þetta er erfiðasta spurning sem ég hef fengið í dag. Ferðalög og góð vinna.
MR vill kaupa þig yfir og býður þér margra milljóna samning. Hverju svararðu? Hreint út sagt aldrei í lífinu!



Nafn: Halldór Kristján Þorsteins-son.
Aldur: 21 árs. Elsti nýliði sögunnar í Gettu betur.
Staða á vellinum: Vinstri kantur.
Helstu sérsvið: Íslenskar bókmenntir og Boca Juniors.
Framtíðarlön: Það er allt óráðið.
Staðan er jöfn og eitt stig í pottinum. Hver er draumaspyrillingin? Það er bjölluspurning um borg. Heiti hvaða borgar kom fyrir í íslensku riti Bjarna Jónssonar skálda?



Nafn: Elías Karl Guðmundsson.
Aldur: 19 ára.
Staða á vellinum: Miðjumaður.
Helstu sérsvið: NBA og Bayern München. Ég get svarað öllu um þetta tvennt.
Framtíðarlön: Ég veit ekkert hvað ég geri. Ég á eftir að finna mig.
Eva María forfallast og kemst ekki í úrslitabáttinn. Hver er draumaspyrillingin? Logi Bergmann.



Nafn: Ólafur Hafstein Pjetursson.
Aldur: 18 ára.
Staða á vellinum: Hægri bakvörður.
Helstu sérsvið: AS Roma og líffræði.
Framtíðarlön: Læknisfræði.
Versló vill kaupa þig yfir og býður þér margra milljóna samning. Hverju svararðu? Ég tæki það ekki í mál, en það eru þó fordæmi fyrir slíkum föðurlandssvikum.



Persónulegir hamborgaraprinsar

„Þetta er ólíkt öllu sem við höfum gert áður. Við erum að hleypa myndavélunum ansi nærri okkur og rennum svolítið blint í sjóinn með útkomuna,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson, fyrrum sjónvarpsmaður og núverandi hamborgaramógull. Í kvöld verður fyrsti þátturinn um Hamborgarafabrikkuna sýndur á Stöð 2, en það er nýr veitingastaður sem Jói er að opna með stórvini sínum Sigmari Vilhjálmssyni.

„Þátturinn er tilkominn þannig að Þór Freysson, framleiðandi hjá Saga Film, hafði samband við okkur og vildi festa verkefnið á filmu. Við létum til leiðast og myndavélarnar hafa fylgt okkur eftir á lykilstundum

alveg síðan við vorum á byrjunarreit,“ segir Jói. Þeir félagar hafa haft í nógu að snúast á þessu tímabili, en báðir eignuðust þeir barn með sex daga millibili í nóvember.

„Áhorfendur fá innsýn í hvernig er að takast á við svona verkefni, kannski á aðeins persónulegri nótum en gengur og gerist. Þátturinn snýst fyrst og fremst um okkur tvo og hvernig það er að takast á við svona verkefni með óléttar konur og allar þær skuldbindingar sem menn hafa í þjóðfélaginu í dag,“ segir Jói. Þættirnir verða sex talsins og standa upptökur ennþá yfir. Áætlað er að Hamborgarafabrikkann opni 9. apríl.



FIMMTUDAGUR KL. 20:10

HAMBORGARAFABRIKKAN



Miley leiðbeinir í Idol

Miley Cyrus var sérstakur gestur í nýjasta þætti American Idol, sem fór fram í Bandaríkjunum í vikunni og verður sýndur á Íslandi eftir helgi. 11 keppendur eru eftir í þættinum og fengu þeir að hlusta á Miley ausa úr skálum visku sinnar um allt sem tengist tónlistarbransanum. Þetta er óneitanlega skemmtilegt í ljósi þess að hún er aðeins 17 ára og þar með yngri en næstum allir keppendurnir. Bandaríska Idolið er annars óvenju jafnt í ár og sjaldan hefur verið erfiðara að spá fyrir um sigurvegara. Siobhan Magnus, Krystal Bowersox og Casey James eru þau sem flestir veðbankar telja líklegust til að sigra.



The Scrubs að líða undir lok?

Zach Braff, aðalleikarinn í sjónvarpsþáttunum vinsælu The Scrubs, hefur látið hafa eftir sér á Facebook síðu sinni að þættirnir séu að líða undir lok. Þetta eru væntanlega sorgarfréttir fyrir marga enda hafa þættirnir átt miklum vinsældum að fagna. Ekkert hefur heyrt hvað Zach hyggst gera nú þegar hlustunarpípan er komin á hilluna, en búast má við að hann einbeiti sér frekar að stórum kvikmyndum. Stutt er síðan leikkonan Katherine Heigl sagði skilið við lækna-dramað Grey's Anatomy, einmitt með það fyrir augum að verða kvikmyndastjarna.



Þarf að bæta, breyta eða byggja við?

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



▲▲ Nú er ég ekkert þessi tYPÍski leikari. Ég er frekar stór og feitur og með þessa djúpu rödd, þannig að ég henta ekki í öll hlutverk.

Mo

viðtalið

Maður verður að halda með loðfílnum

Ólafur Darri Ólafsson er heitasti leikari Íslands í dag. Hann er þó hógvær með ein-dæmum og kann illa við of mikla athygli. „Ég hef verið heppinn,“ segir Ólafur.

Eftir Björn Braga Arnarsson bjornbragi@monitor.is

Ólafur Darri leikur eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Kóngavegur, sem frumsýnd er um helgina, og hefur nýlokið tökum á kvikmyndinni Rokland, þar sem hann fer með hlutverk aðalpersónunnar Bödda.

Þá samþykkti hann á dögunum að leika aðalhlutverkið í Djúpinu, nýjustu kvikmynd Baltasars Kormáks. Auk þess leikur hann í Gerplu, sem sýnd er í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir, og æfir um leið Íslandsklukkuna sem er væntanleg á fjalirnar í apríl.

Kóngavegur er önnur myndin sem Valdís Óskarsdóttir leikstýrir og þú hefur leikið í þeim báðum.

Já, mér finnst ótrúlega gaman að hafa fengið að vera með Valdís þegar hún tekur fyrstu skrefin sem leikstjóri. Sveitabruðkaup var kannski meiri tilraunamynd, en hún var tekin á fjórar myndavélar og mikið um spuna. Núna réð Valdís miklu meira ferðinni og kom með svo til fullgert handrit. Valdís er algjör snillingur og náttúrlega einhver allra besta klippari sem við, og bara heimurinn allur, höfum átt. Ég hef trú á því að hún eigi eftir að verða einn af okkar fremstu leikstjórum.

Daniel Brühl úr Inglourious Basterds leikur stórt hlutverk í myndinni. Hvernig var hann?

Hann var bara voða indæll. Ég var þó lítið í kringum hann, við lékum nær ekkert saman. Hann þurfti náttúrlega að sitja undir því á tókustað að við töluðum bara íslensku og sögðum íslenska brandara endalaust. En ég held að hann hafi fílað sig vel héra.

Voru menn með eitthvert nasistagrín? Eða er hann kannski nasisti í raunveruleikanum?

Ég held að Daniel sé nú bara bestur í að leika nasista. Annars held ég að menn hafi ekki lagt í að vera með nasistagrín. Þeir Þjóðverjar sem ég hef kynnst hafa eðlilega verið frekar viðkvæmir fyrir svoleiðis bröndurum, þannig að ég hélt þeim alla vega í lágmarki.

Þú lékst Þröst Hjört, sem var óneitanlega einhver flottasti karakter Fangavaktarinnar. Var ekki gaman að leika stóra

Ólafur Darri drakk úr þessum óstjórnlega sköndna bolla á meðan á viðtalinu stóð. Hann er þó ekki yfirlýstur fylgismaður **George Bush**.



gæjann sem allir eru hræddir við?

Mér fannst það mjög skemmtilegt og ég fékk mikið kikk út úr því. Atriðið með hrossakjötið verður til dæmis alltaf í miklu uppáhaldi hjá mér. Það var ótrúlega gaman að leika það. Ég man að eftir að við tókum upp atriðið fórum við og horfðum á það og Pétur Jóhann var næstum búinn að drepa mig úr hlátri. Viðbrögðin hans þegar borðið er farið, loðfíllinn er farinn, menn hlaupandi allt í kring og hann einhvern veginn að hugsa: „Bíddu ég var að borða kjöt, það var borð héra...“ Þetta var óborganlegt.

Senan þar sem Þröstur Hjörtur segir Ólafi Ragnari frá fortíð sinni og hvernig hann lenti í fangelsi var óneitanlega eitt eftirminnilegasta atriði þáttanna. Það minnti eiginlega frekar á senu úr óskarsverðlaunamynd en atriði í íslenskum grínþætti.

Mér þykir mjög vænt um þetta atriði. Mér finnst Ragga Braga og handritshöfundunum hafa tekist mjög vel til með að tvinna húmorinn og dramatíkina saman. Þröstur Hjörtur sýnir kannski það alvarlega við að vera í fangelsi. Fanginn sem er orðinn stofnanamaturs og allir búnir að gefast upp á. Hann verður einhvern veginn ekki aftur að manneskju fyrr en Ólafur Ragnar kemur til sögunnar. Nú efast ég ekki um að hann sé mjög hættulegur maður, en hann er manneskja eins og við hin. Þegar ég horfi á Fangavaktina finnst mér þetta atriði alveg nauðsynlegt. Að maður fái að vita aðeins um hans bakgrunn svo maður geti haft samúð með honum, skilið hann betur og áttað sig á aðstæðum hans. Maður verður að halda með loðfílnum.

Ákvaðstu ungur að verða leikari?

Nei. Það var mikil tilviljun og kom örugglega mörgum á óvart að ég skyldi verða leikari. Þetta byrjaði þannig að ég tók þátt í tveimur Herranæturverkefnum í MR. Fyrri árið var bara tilviljun að ég mætti á samlestur og fékk hlutverk. Árið á eftir tók ég aftur þátt og fór svo í inntökupróf í Leiklistarskólanum. Góður vinur minn dró mig með sér og það var voðalega týpískt; ég komst inn en ekki hann. Það tók alveg smátíma fyrir mig að vera viss um að það væri rétt að vera leikari. Ég er feginn í dag, því þetta er eitthvað sem ég hef mjög gaman af og á vel við mig. Mér finnst ég alltaf hafa verið mjög heppinn maður. Ég hef svo oft náð að vera réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Menn eru svolítið misheppnir í leiklistinni. Maður má ekki gleyma því að það er fullt af hæfileikaríku fólki sem fær einhvern veginn aldrei almennilegt tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Er ekki fullmikil hógværd að segja að þetta sé bara heppni?

Auðvitað er ekki nóg að vera bara heppinn. Maður verður að nýta sér þau tækifæri sem

Á 60 SEKÚNDUM

Uppáhaldsbímynd? The Thing eftir John Carpenter. Hún er að minnsta kosti uppáhalds hryllingsmyndin mín.



Uppáhaldsleikari? Þeir eru margir. Núna er það Ewen Bremner, sem lék í Naked og Trainspotting. Mér finnst hann frábær.

Mest spiluðu plötur lífs þins?

Led Zeppelin IV, The Freewheelin' Bob Dylan og The Wall með Pink Floyd. Svo get ég líka nefnt plötuna með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafiunni, Oft spurði ég mömmu. Ég datt alveg inn í þá plötu.



Besti veitingastaður á Íslandi?

La Primavera.

Þinn helsti ótti? Í gamla daga hefði það verið myrkfælni eða innlokunarkennd, en það hefur ekkert borið á því nýlega. Ég held að ég sé ekkert sérstaklega hræddur maður.

Ef þú værir ekki leikari? Ætli ég væri ekki kennari eða eitthvað í þeim dúr. Draumurinn var einhvern tímann að fá æviráðningu við háskóla í Bandaríkjunum og vera svo bara bóhem.

maður fær. Ég hef reynt að gera það og reynt að að gera vel. Nú er ég ekkert þessi týpíski leikari. Ég er frekar stór og feitur og með þessa djúpu rödd, þannig að ég henta ekki í öll hlutverk. Þá er kannski svolítil heppni að réttu hlutverkin komi á réttum tíma.

Heldur þú að þetta óhefðbundna útlit hafi ekki hjálpað þér frekar en hitt?

Ég held að þetta geti verið alla vega. Það getur hjálpað manni eins mikið og það getur verið hamlandi. Mér finnst verkefni mín hafa verið af þeim toga, að ég hef fengið að sýna ýmiss konar persónur sem ekki eru alltaf dæmigerðar fyrir mig og ég er mjög ánægður með það. Ég hef ekki alltaf verið að leika stóra vonda karlinn eða feita strákinn sem er lagður í einelti.

Þú átt að baki ótal hlutverk og nokkuð litríkan feril, en ert kannski nýlega farinn að sjást í mjög stórum hlutverkum.

Já, mér finnst ég hafa blómstrað seint í leiklistinni, sem er mjög fínt. Ég lék oft í aukahlutverkum á fyrstu árum mínum sem leikari og í mörgum verkum, örugglega einhverjum 20 leikritum á þremur eða fjórum árum. Það er ekki fyrr en núna á seinni árum sem mér hefur verið treyst fyrir aðalhlutverkum. Það finnst mér vera fín þróun. Nú er ég loks kominn með einhvern grunn sem ég get byggt aðalhlutverkin ofan á. Fyrir utan að það leiðinlegasta sem maður gerir er að leika aðalhlutverk (hlær).

Er það leiðinlegast?

Ja, ég segi kannski ekki leiðinlegast. Það kitlar auðvitað hégómagirndina hjá mér og er ákveðin áskorun. En aðalhlutverk verður alltaf að fylgja ákveðnum ramma og þú mátt ekki fara langt út fyrir þann ramma, á meðan þú getur komið inn sem aukaleikari og teygt rammann alveg eins og þú vilt, vegna þess að þú ert bara í smástund. Þannig verða senubjófar til. Þá geturðu leyft þér að vera með lepp fyrir auganu, með páfagauk á öxlinni og smámæltur, af því að þú þarft bara að vera þrjár mínútur inni á sviði eða í bíómyndinni. En ef aðalleikarinn er þannig allan tímann, þá er hætt við að áhorfendum finnist það leiðigjarnt að lokum. Það var ekki fyrr en í fyrri í Roklandi, sem ég fékk nasabefinn af því hvernig væri að leika alvöru stórt aðalhlutverk í bíómynd. Eftir þá reynslu endurnýjaðist virðing mín fyrir Hilmi Snæ og Ingvari og þessum frábæru leikurum sem ég hef stundum fengið að vinna með í aukahlutverki. Nú hef ég fengið innsýn í hvernig þetta er. Ég er svo góðu vanur, að koma bara aðeins á tökustað og sprella eitthvað, en svo er bara farið út í bjór eða að borða. Á meðan þeir eru sveittir í vinnunni í 12 eða 15 tíma í viðbót.

Úr aukahlutverkunum í aðalhlutverkin.**Er ekki næsta skref að fara út að meika það?****Freistar það þín ekkert?**

Ég held að ég geti sagt að það eina sem heillar mig við að vinna úti eru peningarnir. Þar er náttúrlega miklu betur borgað, en gagnvart vinnunni freistar það mín ekki mikið. Mér finnst frábært að vinna á Íslandi. Það er áhugavert hversu margir skandinavískir leikarar hafa hreinlega engan áhuga á því að búa í Los Angeles. Stellan Skarsgård, sem ég vann með í Bjólfskviðu, býr til dæmis bara í Stokkhólmi. Mads Mikkelsen býr í Danmörku. Þar vilja þeir búa og vinna. Ég er bara Íslendingur. Mér finnst æðislegt að fara út og vinna erlendis, öðru hverju þarf maður að komast burt frá þessari litlu eyju okkar. En að sama skapi þarf ég líka alltaf að koma heim til eyjunnar minnar, því hér bý ég og héra líður mér best.

Þú lékst líka með Gerard Butler í Bjólfskviðu og sagan segir að þið hafði verið góðir vinir síðan. Er það rétt?

Já, við erum góðir vinir og tölum stundum saman. Hann er búinn að reynast okkur góður vinur, mér, Ingvari og Gísla, sem vorum með honum í Bjólfskviðu. Honum þykir afskaplega vænt um Ísland og vill alltaf koma hingað öðru hverju. Finnst þetta kannski vera landið sem jarðtengir hann.

Er stjörnuclamúrinn í kringum hann ekkert heillandi?

Ég lít eiginlega svo á að við Gerry séum ekki alveg í sama bransa. Hann er kvikmyndastjarna, en ég er

bara leikari. Það er merkilegur munur þar á. Kvikmyndastjarna er eins og fyrirtæki. Hann er með fullt af fólki í vinnu og gæti örugglega ekki leyft sér að gera sömu hluti og ég. Hann gæti ekki farið út með hárið eins og ég er með það, í rifinni peysu og verið pönkaður á einhverjum bar að dansa uppi á borði, án þess að það komi í öllum fjölmiðlum. Að mörgu leyti dáist ég að Gerry, því hann hefur komist eins langt og menn komast í hans bransa. Hann er einn af kannski 15-20 leikurum sem flokkast undir svona „players“ í Hollywood, með mönnum á borð við Johnny Depp og Brad Pitt. Það er ekki annað hægt en að taka ofan fyrir því. Þetta er bara eins og að vera kominn í hóp með Ronaldinho í fótboltanum. Sjálfur myndi ég ekki hafa áhuga á eða polinmæði fyrir þess konar lífi. Ég er bara ekki nógu mikil „people person“ fyrir það. Ég hef umgengist hann þegar konur eru að öskra á hann á frumsýningum. Gjörsamlega öskra og maður hugsar bara: „Hvað er að gerast héra?“ Þetta er bara ekkert venjulegt líf. En mér finnst hann takast ótrúlega vel á við þetta og hann hefur eitthvert jafnaðargeð sem er aðdánarvert.

Gefum okkur að þú værir búinn að meika það í Hollywood. Í hvaða mynd værum við búin að sjá þig?


Ætli ég hefði ekki leikið í Beverly Hills Ninja. Eða jafnvel verið feiti gaurinn í Hangover. Djöfull hefði það verið gaman, sá gaur er algjör snillingur.



Í hlutverki sínu sem Ray í kvikmyndinni *Kóngurinn*.



Sem Böddi í Roklandi, sem var frumsýnd á árinu.



Sýgur í sig eitrið í kvikmyndinni *Blóðbönd*.



Fer með þrumuræðu í hlutverki prests á *Kristnihátíð*.



Hefur verið góður vinur Gerard Butler síðan í *Bjólfskviðu*.

Næstum laminn í köku í Þórsmörk

Ólafur Darri var spurður hvort hann hefði einhvern tímamann lent í slagsmálum.

Þegar ég var 17 ára fór ég með öllum félögum mínum í Þórsmörk um verslunarmannahelgina. Við vorum að fara til baka og vorum í sjoppunni á Hvolsvelli. Sjoppan var full af fólki og ég segi við félagi mína eitt-hvað í líkingu við: „Ég drep ykkur ef ég fæ ekki pylsu.“ Allt í einu kemur einhver gaur upp að mér og segir: „Ætlarðu að drepa mig?“ Við vorum allir þunnir og þreyttir eftir þrjú daga fyllirí og ég bara: „Ha? Nei, var ekki að tala við þig. Ég var bara að tala við vini mína.“ Hann heldur áfram: „Ætlarðu að drepa mig?“ Ég neita því og svo loksins fer hann út.

Ég hugsa ekki meira um þetta, kaupi mína pylsu og labba til vina minna. Svo heyrir ég allt í einu út undan mér: „Hann er þarna inni!“ Þá koma einhverjir fjórir eða fimm strákar og einn gaur fremstur í flokki, sem var vaxinn eins og ég veit ekki hvað. Algjört vöðvatröll. Hann á sem sagt að lemja mig. Hann var allur rifinn og tættur og búið að klóra hann. Greinilega búinn að standa í því yfir helgina að lenda í einhverjum slagsmálum fyrir félagi sína.

Hann kemur og segir við mig: „Ætlaðir þú að lemja vin minn?“ Fyrir aftan hann heyrir í félögum hans: „Taktu hann út maður. Það er svo margt fólk héra. Lemjum hann úti.“ Ég hvítna í andlitinu, en verð svona fáránlega rólegur og segi bara: „Nei, þetta var einhver misskilningur.“ Ég útskýri þetta allt fyrir honum, pollrólegur, en inni í mér var ég alveg að springa.

Hann hlustar á mig og þegar ég er búinn segir hann: „Já ókei. Heyrðu þetta er ekkert mál. Héra, fáðu þér sjúss,“ og réttir mér tveggja lítra flösku af landa og kóki. Þarna var ég eftir tvo eða þrjú daga í Þórsmörk, þar sem maður er búinn að vera að frjósa í hel inni í einhverju tjaldi og búinn að drekka frá sér vit og rænu. Ekkert búinn að fara í sturtu og búinn að þurfa að kúka úti í skógi. Einhvern veginn alveg búinn á því.

Hann réttir mér þessa flösku og það síðasta sem mig langaði að gera var að fá mér sjúss. En það var ekki í sekúndubrot sem mér kom í hug að segja: „Sama og þegið.“ Ég tek flöskuna og fæ mér góðan sjúss af þessu. Þakka honum kærlega fyrir og slæ á öxlina á honum og fann vöðvana alveg hnykklast þegar ég snerti hann. Ég lýg því ekki, mér leið eins og ég hefði sloppið undan dauðanum.

Hallgrímskirkja á páskum

28. mars - 11. apríl

kirkjulistahatid.is

Opnunartónleikar Kirkjulistahátíðar 2010 The Four Beasts' Amen Messa fyrir orgel og segulband

Hans-Ola Ericsson, orgelsnillingur frá Svíþjóð leikur eigið verk á Klais orgel Hallgrímskirkju í bland við hljómi Schnitger orgela.
Aðgangseyrir: 3000 / 2000 ISK
28. mars kl. 17

Úr fjötrum til frelsis Pípuorgel - Hammond - Saxófónn Spuni um afróameríska sálma

Gunnar Gunnarsson pípuorgel
Sigurður Flosason saxófónn
Þórir Baldursson Hammond-orgel
Aðgangseyrir: 2500 / 2000 ISK
29. mars kl. 20

Hallgrímsspassía eftir Sigurð Sævarsson Schola cantorum og Caput hópurinn

Stjórnandi: Hörður Áskelsson
Hallgrímur Pétursson: Jóhann Smári
Sævarsson bassi, Pílatus: Benedikt
Ingólfsson barítón, Jesús: Hafsteinn
Þórolfsson barítón, Guðrún Edda
Gunnarsdóttir alt o.fl.
Aðgangseyrir: 3500 / 2500 ISK
2. apríl kl. 17

Ísafold - Schola cantorum - Schnittke Sinfónía nr. 4 eftir Alfred Schnittke

Einsöngvarar Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt og Bragi Bergþórsson tenór. Stjórnandi Daniel Bjarnason.
Aðgangseyrir: 3000 / 2000 ISK

5. apríl kl. 20
Annar í páskum

Þýsk sálumessa eftir Johannes Brahms

Birgitte Christensen sópran
Andreas Schmidt barítón
Mótettukór Hallgrímskirkju
50 manna hljómsveit
Stjórnandi: Hörður Áskelsson
Aðgangseyrir: 4.900 / 3.900 ISK

10. apríl kl. 17
11. apríl kl. 17

...frá myrkri til ljóss!

Ólöf Nordal "Gefðu að móðurmálið mitt"
Jón Nordal
Getsemanestund
Gesualdo Responsorium
Elfa Margrét Ingvadóttir
Kirstín Erna Blöndal
Emmaus
100 barna kór
Tómas Guðni Eggertsson
Gunnar Hrafnsson
Haukur Gröndal
Pétur Valgarð Pétursson
Erik Qvic
Listasmiðja barna
Myndlistaskólinn í Reykjavík
Passíusálmar Hallgríms Péturssonar
Baldur Sigurðsson
verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni
Vigil – páskavaka
Listavaka unga fólksins
Melkorka Ólafsdóttir
Ólöf Arnalds
Bach: "Jauchzet Gott in allen Landen"
Herdís Anna Jónasdóttir
félagar úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag
Drengjakór Reykjavíkur Hallgrímskirkju
Örn Arnarson
Gunnar Andreas Kristinsson
Ásgeir H. Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson
Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
biskup Íslands herra Karl Sigurbjörnsson
Jón Dalbú Hróbjartsson
Birgir Ásgeirsson
Kristján Valur Ingólfsson
Þorvaldur Karl Helgason
Guðmundur Vignir Karlsson
Elin Edda Árnadóttir
Jón Hjartarson
Íbúasamtök Skólavörðustígs
Björn Steinar Sólbergsson
skruðganga
tónlistarandaktir
hátiðarmessur
helgun hurðar Leifs Breiðfjörð
Viktor Orri Árnason
Hjörtur Ingvi Jóhannsson
Guðmundur Steinn Gunnarsson
Páll Ivan Pálsson
Ingi Garðar Erlendsson
Borgar Magnason
Katie Buckley
Jesper Pedersen
Ingrid Karlsdóttir
Magnea Sverrisdóttir
Grimur Helgason
Davíð Þór Jónsson
Elektra
Hnoð

Miðasala:
Hallgrímskirkja
s. 510 1000
opið 9-17

FERILLINN



George Clooney

Hæð: 180 sentimetrar.
Besta hlutverk: Harry Pfarrer í *Burn After Reading*. Dildórolan gerir útslagið.
Skrýtin staðreynd: Hafði svínið Max sem gæludýr frá árinu 1988, þar til það dó árið 2006. Svínið fékk hann að gjöf frá leikkonunni Kelly Preston.
Eitruð tilvitnun: „Ég er ekki nógu gáfaður og veit ekki nógu mikið um það sem er í gangi.“

1961 Fæðist 6. maí í borginni Lexington í Kentucky-fylki.

1989 Kvænist leikkonunni Taliu Balsam. Skilur við hana 1993 og segist aldrei ætla að ganga í hjónaband aftur.

1994

Sjónvarpsþátturinn ER (Bráðavaktin) hefur göngu sína. Clooney leikur lækinn Doug Ross í fimm þáttaröðum og öðlast heimsfrægd.



1997 Valinn kynþokkafyllsti maður heims af tímaritinu People og sömuleiðis best klædda sjónvarpsstjarnan.

1997

Leikur Batman í kvikmyndinni Batman & Robin, sem hlýtur hræðilega dóma og er af flestum talin einhver versta kvikmynd tíunda áratugarins.

2000

Hlýtur Golden Globe-verðlaun sem besti leikari fyrir hlutverk sitt í *O Brother, Where Art Thou?* Á síðari hluta 10. áratugarins lék Clooney í fjölmörgum kvikmyndum og reis frægðarsól hans hratt.

2002

Leikstýrir sinni fyrstu kvikmynd, *Confessions of a Dangerous Mind*.

2005

Tilnefndur til Óskarsverðlauna bæði sem besti leikari í aðalhlutverki, fyrir *Good Night, and Good Luck*, og aukahlutverki fyrir *Syriana*. Hlýtur síðarnefndu verðlaunin.

2007

Lendir í alvarlegu mótörhjólaslysi með þáverandi kærustu sinni, Lisu Snowdon. Hlýtur höfuðáverka og rifbeinsbrot og þarf að dvelja á sjúkrahúsi nokkra daga.

2009

Byrjar með ítölsku fyrirsetunni og leikkonunni Elisabettu Canalis.



Frumstýningar helgarinnar

Kóngavegur

Leikstjóri: Valdís Óskarsdóttir.
Aðalhlutverk: Gísli Örn Garðarsson, Daniel Brühl, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egilsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Björn Hlynur Haraldsson og Ingvar E. Sigurðsson.
Lengd: 120 mínútur.
Aldurstakmark: 10 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó, Smárabíó, Borgarbíó Akureyri.



Kóngavegur gerist í hjólhýsahverfi og segir frá atburðum sem eiga sér stað þegar Júníor snýr aftur heim til Íslands eftir dvöl erlendis. Júníor kemur heim með ýmis vandræði í farteskinu og vonar að faðir hans geti leyst úr þeim, en heimkoman reynist ekki vera alveg sú sem hann átti von á.

EINN SÁ HEITASTI

Daniel Brühl er einn allra flottasti leikari Evrópu um þessar mundir. Móðir hans er spænsk, en faðir hans kemur frá Þýskalandi og þar hefur Brühl starfað lengst af. Árið 2003 vakti hann heimsathygli fyrir frammistöðu sína í hinni frábæru *Good Bye Lenin* og þá ættu flestir að kannast við hann úr hlutverki nasistans í *Inglourious Basterds*. Þeir sem eiga eftir að sjá þessar tvær ættu að gera það ekki seinna en strax.



DANIEL BRÜHL OG GÍSLI ÖRN Í HLUTVERKUM SÍNUM.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **Kóngaveg**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og skrifa athugasemd á kvikmyndabráð vikunnar. Dregið verður á mánudag úr þeim nöfnum sem skrifðu eru á þráðinn.

The Men Who Stare at Goats

Leikstjóri: Grant Heslov.
Aðalhlutverk: George Clooney, Ewan McGregor, Jeff Bridges, Kevin Spacey og Stephen Lang.
Lengd: 94 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,6 / Metacritic: 5,4 / Rotten Tomatoes: 54%
Aldurstakmark: 7 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík, Sambíóin Akureyri.



GEORGE CLOONEY OG EWAN MCGREGOR STARA Á GEITUR

Blaðamaðurinn Bob Wilton fer til Íraks í leit að stófrétt í stríðinu. Þar rekst hann á dularfullan náunga að nafni Lyn Cassidy, sem segist tilheyra hópi sem hefur reynt að þjálfa upp yfirnáttúrulegar hernaðaraðferðir á borð við að lesa hugsanir óvinnarins og drepa geitur með því að stara á þær. Forvígismaður hópsins, Bill Django, er hins vegar horfinn og ætlar Cassidy sér að finna hann.

When in Rome

Leikstjóri: Mark Steven Johnson.
Aðalhlutverk: Kristen Bell, Josh Duhamel, Anjelica Huston, Will Arnett og Jon Heder.
Lengd: 91 mínúta.
Dómar: IMDB: 5,3 / Metacritic: 2,5 / Rotten Tomatoes: 17%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík, Sambíóin Akureyri.



JOSH DUHAMEL OG KRISTEN BELL KUNNA ÞETTA

Beth Harper (Bell) er orðin þreytt á að biða eftir ástinni. Þegar hún fer til Rómar í brúðkaup yngri systur sinnar stelur hún smápeningum úr frægum „ástarbrunni“. Samstundis fara hinir ólíklegustu biðlar að elta hana á röndum og þar á meðal er myndarlegur fréttamaður (Duhamel), sem reynir að telja henni trú um að ást sé ekki eingöngu til í ævintýrum.

Nanny McPhee and the Big Bang

Leikstjóri: Susanna White.
Aðalhlutverk: Emma Thompson, Maggie Gyllenhaal, Ralph Fiennes, Maggie Smith og Rhys Ifans.
Lengd: 109 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Háskólabíó, Smárabíó, Borgarbíó Akureyri.



MCPHEE FÓR EKKI Á BARNFÓSTRUNÁMSKEIÐ RAUÐA KROSSINS

Göldrótt barnfóstran Nanny McPhee (Thompson) snýr aftur og nú bankar hún upp á hjá ungri móður (Gyllenhaal), sem á fullt í fangi með að hugsa um fjölskylduna og stóran búgarð. Tveir ættingjar úr borginni hafa sest að á búgarðinum og börnin eru allt annað en ánægð með það. McPhee þarf því að taka til sinna ráða.



ÞESSI ÍSBJÖRN LÆTUR VONANDI EKKI SJÁ SIG Á ÍSLANDI

Earth

Leikstjóri: Alastair Fothergill og Mark Linfield.
Pulir: James Earl Jones, Patrick Stewart og Ulrich Tukur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Regnboginn.

Stórbrotin kvikmynd þar sem fylgst er með þremur dýrafjölskyldum og ferðum þeirra á jörðinni. James Earl Jones leiðir áhorfandann í gegnum ævintýri ísbjarna, fíla og hvala á viðburðaríku og spennandi ferðalagi þeirra.

GANGAN HEFST Í ELLINGSEN



DASKA PASS
Dömskór

34.990 kr.



NEWTON RIDGE
Dömskór

24.990 kr.



DASKA PASS
Herraskór

34.990 kr.



TAGORI
Herraskór

14.990 kr.



NEWTON RIDGE
Herraskór

24.990 kr.



FIRELANE
Herraskór

24.990 kr.



Y. TAGORI
Barnaskór

12.990 kr.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opð mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opð mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

“Ég er foli og það eru hestöfl í Hámarki”



Súkkulaðiþragð

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólkur- og mysuþróteinum, sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Prótein er öllum lífveruþingum viðhalds og þörfvænlegt. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Áhrif Grönt og Hvít Gröndrykkur. Einkabáttar og mæðingartölur. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Yfir 80% af meðferðarinnihaldi verð hjóla og hestadrifla. Það er besta þú ert að nota.

Júðarberjabragð

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólkur- og mysuþróteinum, sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Prótein er öllum lífveruþingum viðhalds og þörfvænlegt. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Áhrif Grönt og Hvít Gröndrykkur. Einkabáttar og mæðingartölur. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Yfir 80% af meðferðarinnihaldi verð hjóla og hestadrifla. Það er besta þú ert að nota.

Vanillubragð

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólkur- og mysuþróteinum, sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Prótein er öllum lífveruþingum viðhalds og þörfvænlegt. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Áhrif Grönt og Hvít Gröndrykkur. Einkabáttar og mæðingartölur. Hámark próteindrykkur er unnið úr mjólkur- og mysuþróteinum sem eru aðalinnihaldsefni í Hámarki. Yfir 80% af meðferðarinnihaldi verð hjóla og hestadrifla. Það er besta þú ert að nota.

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI



Viðurkenndar stuðningshlífar

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður með góðri öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Opið virka daga frá kl. 9 - 18

fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍPRÓTTIR, UPPISTAND, PUBQUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT ANNAD



ELVIS PRESLEY - Í 75 ÁR

Salurinn
20:00

Friðrik Ómar í Elvis-skóna

Friðrik Ómar fer fyrir einvala liði tónlistarmanna sem heiðra minningu Elvis Presleys sem hefði orðið 75 ára í ár.

„Við flytjum öll hans þekktustu lög. Ég er með stóra hljómsveit með mér og þetta eru bara tveir tímar af dúndurstemmingu,“ segir Friðrik Ómar sem heldur Elvis-tónleika í Salnum um helgina. Hann hyggst svo gefa út tónleikaplötu fyrir jólin sem verður tekin upp „live“ á sunnudaginn. „Björgvin Halldórs verður gestur á þeim tónleikum. Hann er náttúrulega Elvis Íslands, ég er bara kettlingur í þessu.“

Friðrik flytur til Stokkhólms á næstunni og ætlar að halda áfram að gera tónlist úti. „Ég er með nokkur sambönd hérna úti sem ég hef fengið í gegnum Eurovision. Svo er ég alveg spilaður hérna úti. Ég fór út á lífið um helgina og þá heyrði ég This is my life spilað á klúbbum sem ég fór á,“ segir Friðrik.

Mynd/Kristinn

fimmtudagur

25 mars

FRÍR FIMMTUDAGUR

Prikið 11:00 Priksmenn bjóða gestum og gangandi upp á fría máltíð á meðan birgðir endast. Síðast dældu þeir út 540 hamborgurum en í þetta skipti verða pitsur og gos á boðstólum.



BUBBI Á HÁSKÓLATORGI

Hí, Háskólatorg 12:00 Bubbi Morthens grípur í gítarinn og syngur fyrir gesti og gangandi á Háskólatorgi. Hvort sem þú ert háskólaborgari eða ekki, þá er tilvalið að mæta því allir eru hjartanlega velkomnir.

ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Toyota-höllin 19:15 Keflavík tekur á móti Tindastóli í fyrstu umferð í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins. Keflavík vann báða leiki þessara liða í deildinni nokkuð örugglega og nú er að sjá hvort Stólararnir ná að velgja Suðurnesjamönnum undir uggum þegar út í alvöruna er komið.



ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

DHL-höllin 19:15 Það verður Reykjavíkurslagur þegar deildarmeistarar karla í KR taka á móti síðasta liðinu inn í úrslitakeppnina, ÍR, í DHL-höllinni. Venju samkvæmt munu vesturbæingar bjóða upp á grillaða hamborgara gegn vægu verði en þessi leikur er sá fyrsti í rímu liðanna í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins.

GUL TÓNLEIKARÖÐ

Háskólabíó 19:30 Tónleikaröð sem Sinfóníuhljómsveitin stendur fyrir þar sem lögð er sérstök áhrersla á þýsk tónskáld frá 19. öld og rómantíska snillinga á borð við Schubert, Mendelssohn, Schumann og Brahms.



MOTTU FÓTBOLTA PUB QUIZ

English Pub 20:00 Fótbolta pub quiz með mottuþema. Stórglæsilegir vinningar í boði og að sjálfsögðu verður flottasta mottan verðlaunuð. Ákjósanlegar fyrirmyndir eru til dæmis Rudi Völler, Ian Rush, Ruud Gullit og Bruce Grobbelaar.



ÓRAR Á NESINU

Norðurpóllinn 20:00 Þriðja og næstsíðasta sýningin á þessu framúr-stefnulega dansverki sem er samið af Spiral-dansflokknum í samvinnu við Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, Gianluca Vincentini og Róbert Reynisson. Haldið í sýningarrými Norðurpóls-ins á Seltjarnarnesi.

SÖGULEGIR SÖNGFUGLAR

Leikfélag Akureyrar 20:00 Tónleikaröð tileinkuð íslenskum söngkonum sem hafa fylgt þjóðinni í gegnum tíðina. Að þessu sinni tekur söngfluglinn Jana María Guðmundsdóttir söngkonuna og tónskáldið Ingibjörgu Þorbergs fyrir.



GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið 20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símónarsonar. Í þetta skipti er Gauragangurinn í Borgarleikhúsinu og það ætti enginn að láta þetta stykki framhjá sér fara. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar og leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson en þess má geta að tónlistin í verkinu var sérstök af hljómsveitinni Ný dönsk þegar leikritið var sett upp í fyrsta skipti í Þjóðleikhúsinu.



FÓTBOLTA PUB QUIZ

Players 21:00 Fyrirverandi markvörðurinn og sparspekingurinn Hjörvar Hafliðason stendur fyrir knattspyrnu pub quiz á Players í Kópavogi. Pub quiz með fótboltaþspurningum hafa notið vaxandi vinsælda að undanförunu og barna gefst fólki fullkomið tækifæri til þess að láta í ljós þekkingu sína á íþróttinni fögru.

KREPPUKVÖLD Á BARNUM

Bar 11 22:00 Kreppukvöld eða „Kreppa Night“ á barnum fyrir þá sem vilja gæta að pyngjunni. Þjórinn á 450 kall.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub 22:00 Trúbadorarnir Siggí og Davíð halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti. Þeir félagar munu spila slagara til 01:00 eftir miðnætti.



TRÚBADORSTEMNING – INGÓ VEDURGUÐ

Óliver 22:00 Trúbadorkvöldin hjá Ingó úr Vedurguðunum á fimmtudagskvöldum á skemmtistaðnum Óliver eru með þeim vinsælli í bænum. Fólk flykkist til að sjá sjarmatröllid frá Selfossi sem spilar eins og enginn sé morgundagurinn til 01:00 um nóttina.

monitor@monitor.is

Ert þú að gera eitthvað? skemmtilegt

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið
20:00

Gauragangur flýgur af stað

„Þetta fer alveg rosalega vel af stað. Forsalan fór náttúrulega af stað með truckki og það er nú þegar uppselt á einhverjar tuttugu sýningar. Svo frumsýndum við á fullu blasti síðasta föstudag og allt gekk vel,“ segir Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Góí, en hann fer með hlutverk Orms Óðinssonar í nýjustu uppfærslu á Gauragangi Ólafs Hauks Símonarsonar í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

„Ég er mikill Gauragangsmáður og sá sýninguna líklega fimm eða sex sinnum á sínum tíma þegar Ingvar E. Sigurðsson lék Orm,“ segir Guðjón sem viðurkennir að það hafi oft verið erfiðara að læra textann. „Það er líka bara létt að læra vel skrifaðan texta. Annars er þetta hrikalega góður hópur, tónlistin frá Ný danskri er snilld og sýningin er öll mikið sjónarspil.“

26
mars

Mynd/RAX

föstudagur

KLASSÍK Í HÁDEGINU

Gerðuberg

12:15 Natalia Benedetti klarinettleikari og Sebastiano Brusco píanóleikari flytja klassíska tónlist í hádeginu en listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir.



ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Ásgarður

19:15 Stjarnan tekur á móti Njarðvík í fyrstu umferð í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins. Liðin unnu sinn leikinn hvort í innbyrðis viðureignum liðanna í deildarkeppninni í gríðarlega jöfnum og spennandi leikjum. Garðbæingar náðu hins vegar að tryggja sér heimaleikjaréttinn fyrir úrslitakeppnina í síðustu umferðinni í deildinni og spurningin er hvort það komi til með að gera gæfumuninn.

ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Grindavík

19:15 Snæfellingar þurfa að gera sér ferð suður með sjó þegar þeir etja kappi við Grindvík í fyrstu umferð í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins. Hérna mætast liðin sem enduðu í 4. og 5. sæti deildarkeppninnar og því fyrirfram búist við mest spennandi rímmunni á þessu stigi úrslitakeppninnar.

UNDANÚRSLIT MORFÍS

Uppsaliir

20:00 Kvennskælingar etja kappi við Menntaskólann við Sund í undanúrslitum Morfís. Þessi fornfræga ræðukeppni nýtur ávallt mikillar hylli á meðal menntaskólanema og hefur alið af sér marga þjóðkunna einstaklinga á borð við félagana Sigurð Kára, Gísla Rúnar og Gísla Martein.



FRÍÐRIK ÓMAR Í ELVIS-GÍR

Salurinn

20:00 Friðrik Ómar fer fyrir einvala liði tónlistarmanna sem heiðra minningu Elvis Presleys sem hefði orðið 75 ára í ár. Friðrik hyggst gefa út plötu fyrir jólin með upptöku af tónleikunum sem haldnir eru í Salnum í Kópavogi.



HÆNUUNGARNIR

Kassinn, Þjóðleikhúsinu

20:00 Nokkrir kjúklingar á tilbóðs-verði hverfa úr frystikistu í fjölbýli sem á eftir að draga talsverðan dilk á eftir sér. Eggert Þorleifsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hlutverki hins óútreiknanlega djassáhugamanns, Sigurhans. Hænuungarnir eru annað verk Braga Ólafssonar fyrir leiksvið.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub

21:00 Trúbadorinn Raggi mun byrja á því að halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti til miðnætts. Að því loknu taka Maggi og Hlynur við og trylla lýðinn til 05:00 um morguninn.

ELTU HVÍTU KANÍNUNA

Mælifell, Saudárkróki

21:00 Félagarnir Óli Geir og Haffi Haff túra landið yfir páskana. Túrinn hefur hlotið nafnið „Follow the White Rabbit“ og gefst aðdáendum þeirra nú tækifæri til að elta þá um allt land.

LÍFLEGIR TÓNLEIKAR

Sóðoma

22:00 Hljómsveitin Útidúr stendur fyrir kraftmiklum tónleikum en einnig munu koma fram Rökkuró og Retro Stefson. Aðgangseyrir er 1000 krónur og mun renna óskiptur í sjóð fyrir upptökur á fyrstu breiðskífu Útidúrs sem áætlað er að gera í sumar.

TÓNLEIKAR/BALL

Spot

23:00 Ballhljómsveitirnar Mono og Matti & draugabarnir leiða saman hesta sína á Skemmtistaðnum Spot í Kópavogi og halda sameiginlega tónleika. Að sögn strákanna í hljómsveitunum verður um að ræða heljarinnar gleðiveislu sem mun standa yfir í marga klukkutíma. Þeir mælast því til þess að enginn láti þennan viðburð framhjá sér fara.



Helgin mín

Sara Björk Gunnarsdóttir
fótboltastelpa

„Ég er að fara í dag til Serbíu og Króatíu í dag með landsliðinu og verð fram í næstu viku. Við erum að fara að spila við þessi lönd í undankeppninni fyrir Heimsmeistaramótið. Við gerum svosem voða lítið annað en að vakna, borða morgunmat, fara á æfingu, borða hádegismat, taka hvíld, æfa, borða og sofa meira. Það er fint að fara í þessar ferðir en mikið af dauðum tíma inn á milli. Það verður líka mjög hressandi að keyra frá Serbíu til Króatíu en sú ferð tekur einhverja 6-7 klukkutíma. Svo fáum við líklega einn verslunardag. Þar sem ég er alltaf í fótboltanum á sumrin gefst lítill tími til ferðalaga en ef ég fengi að ráða myndi ég velja stað þar sem er heitt og ég gæti legið í sólbaði og verslað þess á milli.“

SARA BJÖRK FER
Í LANDSLÍÐSFERÐ
UM HELGINA.

TÓNLEIKAR

Nasa

23:00

Alltaf uppselt hjá Diktu

„Stemningin á síðustu tónleikum hefur verið gríðargóð. Það hefur verið uppselt á tónleika hjá okkur að minnsta kosti síðasta árið. Við höldum einmitt tónleika á Nasa í lok febrúar og þar var troðið út að dyrum og seldist upp í forsölu,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari vinsælustu hljómsveitarar á Íslandi í dag. Strákarnir í Dikta hafa einokað vinsældalista á Íslandi síðustu mánuði og ekkert lát virðist vera á eftirspurn landsmanna eftir meiri tónlist frá þeim.

„Nú ætlum við að fylgja plötunni okkar eftir hérna á Íslandi en stefnum reyndar líka á að fara eitthvað út í maí og júní. Annars ætlum við bara að halda áfram að vera hressir,“ segir Haukur sem lofar góðu stuði á laugardagskvöldið.

laugardagur



FYRIRLESTUR HJÁ „HAM-INGJUPRÓFESSORNUM“

Háskólabíó

12:00 Einn vinsælasti fyrirlesari heims um þessar mundir, dr. Tal Ben-Shahar, heldur fyrirlestur um ný lífsgildi og hvernig megi nýta jákvæða sálfræði til að öðlast meiri lífshamingju. Dr. Ben-Shahar hefur hlotið gælunafnið „hamingjuprófessorinn í Harvard“ en hann kennir vinsælasta námskeiði í sögu hins virta Harvard-háskóla, „Hamingjukúrsinn.“ Að auki tröllreið bók hans í þýðingu Karls Ágústs Úlfssonar, „Meiri hamingja,“ íslenska jölabókafliðinu.



SETNING BLÚSHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Ráðhúsið í Reykjavík

14:00 Blúshátíð í Reykjavík verður sett með pomp og prakt í Ráðhúsinu. Blúsinn verður allsráðandi í miðbænum næstu daga en áhugasamir eru hvattir til að kíkja inn á vef hátíðarinnar, www.blues.is, til að nálgast ýtarlega dagskrá.

ÓLÍVER!

Þjóðleikhúsið

15:00 og 19:00 Eftir tuttugu ára hlé gefst Íslendingum aftur færi á að slást í för með götustráknunum Ólíver Twist sem lendir í ýmsum ævintýrum og hindrunum í lífsbaráttu sinni. Ólíver! sem er byggður á ódauðlegri sögu Charles Dickens er einn vinsælasti söngleikur allra tíma. Leikstjórn er í höndum Selmu Björnsdóttur.

LATABÆJARHÁTÍÐ Í HÖLLINI

Laugardalshöll

15:00 Það verður mikið um að vera í Laugardalshöllinni þar sem Latabæjarhátíðin verður haldin. Íþrótaálfurinn og félagar vilja meina að hér sé á ferðinni fjölskylduskemmtun ársins. Ný Solla stírdá verður kynnt til leiks en Unnur Eggertsdóttir, 17 ára menntaskólamaer, hreppti hnossið eftir gríðarlega fjölmennar áheyrnarprufur. Auk þess munu fjölmargar poppstjórnur stíga á svið en þess má geta að þetta verður í síðasta skipti sem faðir Latabæjar, Magnús Scheving, bregður sér í hlutverk Íþrótaálfinsins.

FRÍÐRIK ÓMAR Í ELVIS-GÍR

Salurinn

17:00 og 21:00 Friðrik Ómar fer fyrir einvala liði tónlistarmanna sem heiðra minningu Elvis Presleys sem hefði orðið 75 ára í ár. Friðrik hyggst gefa út plötu fyrir jólin með upptöku af tónleikunum. Björgvin Halldórsson mun koma fram ásamt Friðriki á þessum tónleikum.



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Kammersveit Reykjavíkur

17:00 Á þessum tónleikum spilar Kammersveit Reykjavíkur klassísk verk eftir Mozart ásamt verum eftir nútímatónskáldið Alfred Schnittke. Sérstakur gestur á tónleikunum verður hinn virti og margverðlaunaði píanóleikari Sebastiano Brusco frá Ítalíu en hann hefur spilað víða sem einleikari í Evrópu og Bandaríkjunum.



ÚRSLIT MÚSÍKTILRAUNA

Hafnarhúsið

19:00 11 af þeim 40 hljómsveitum sem skráðu sig til leiks keppa nú til úrslita í Músíktílaunum. Keppnin hefur reynt mörgum hljómsveitum finasti stökkpallur í gegnum tíðina en á meðal þekktu sigurvegara í gegnum tíðina má nefna Greifana, Kolrössu Krókróandi, Maus, Botnleðu, Mínus, XXX Rottweilerhunda, Jakobínurínu og Agent Fresco.



HELLISBÚINN

Íslenska óperan

20:00 Íslendingar kunna greinilega vel að meta þennan vinsælasta einleik veraldar, en nú hafa 15.000 manns séð þessa uppfærslu af Hellisbúnum. Það fer þó hver að verða síðastur til að sjá Jóhannes Hauk Jóhannesson bregða sér í hlutverk Hellisbúans því þetta er með síðustu sýningum á verkinu.

FRUMSÝNING – EILÍF ÓHAMINGJA

Borgarleikhúsið – Líti salur

20:00 Eilíf óhamingja er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf hamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2007. Verkinu er lýst sem gamansamri en beittri ádeilu á markaðshyggjuna. Handritsgerð er í höndum Andra Snæs Magnasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar. Þorleifur leikstýrir einnig verkinu en hann hefur getið sér gott orð sem leikstjóri á erlendri grund, nú síðast fyrir uppsetningu á Rómeó og Júlíu í Sviss sem hlaut mikið lof.



Helgin okkar

Jóhannes Kjartansson ljósmyndari og Hildur Hermannsdóttir hönnunarnemi

„Síðasta helgi fór að mestu í blóðugar tiskusýningar á Reykjavík Fashion Festival, löðursveittan dans við Peaches á Nasa og tárafrankallandi bíóferð á The Lovely Bones í Háskólabíó þannig að ætlunin er að gjörbreyta um taktík þessa helgi. Á laugardaginn ætlum við að kafa á milli heimsálfna í Silfru á Þingvöllum. Það er um að gera að skoða sem mest af landinu áður en það rífnar í tvennt. Planið er svo að verja því sem eftir verður af helginni í sumarbústað í Skorradal þar sem við ætlum að spila Scrabble og borða ljúffengan mat.“



JÓHANNES OG HILDUR
ÆTLA AÐ KAFA UM HELGINA.

27
mars

Mynd/Árni Sæberg

TRÚBADORSTEMNING

English Pub
21:00 Trúbadorinn Raggi mun byrja á því að halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti til miðnættis. Að því loknu taka Maggi og Hlynur við og trylla lýðinn til 05:00 um morguninn.

BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Café Rósenberg
21:00 Blúsnum verður gert hátt undir höfði á Blúshátíð í Reykjavík eða Reykjavík Blues Festival sem fer fram í Reykjavík dagana 27. mars til 1. apríl. Ýtarlega dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu hennar, www.blues.is.



TÓNLEIKAR/BALL SSSÓL

Spot
22:00 Hinn íslenski Mick Jagger, Helgi Björnsson, mun leiða hljómsveit sína á tónleikum SSSólar á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Síðast var fullt út úr dyrum og mikil stemning og ekki er ástæða til að ætla að eitthvað annað verði uppi á teningnum í þetta skiptið enda SSSól eldri en tvævetur í bransanum.



TÓNLEIKAR/BALL TODMOBILE

Players
23:00 Andrea Gylfa, Eyþór Arnalds, Porvaldur Bjarni og félagar í Todmobile blása til tónleika á Players í Kópavogi. Hljómsveitin mun leika sín þekktustu lög fyrir tónleikagesti langt fram á nótt.



SPARAÐU OG NYTTU EIGIN ORKU

Fjárfestu í heilsunni



TREK herra hjól
3700 Special Edition

Fjallahjól, álstell með dempurum
Stærðir: 16" - 22.5"
Litir: Mattgrátt, mattblátt
Verð kr. 64.990.-



TREK 820 herra hjól
Fjallahjól, álstell með dempurum
Stærðir: 16" - 21"
Litir: Svart, hvítt
Verð kr. 58.990.-



TREK SKYE dömu hjól
Fjallahjól, álstell með dempurum
Stærðir: 16" - 19.5"
Litir: Silfur, ljósblátt, hvítt
Verð kr. 59.990.-



Hjól fyrir alla fjölskylduna!

ÖRNINN

Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstaði Sími 588 9891

SAMA VERÐ UM LAND ALLT
NETVERSLUN - WWW.ORNINN.IS OG FÁÐU HJÓLIÐ SENT HEIM...
Gildir um land allt nema höfuðborgarsvæðið



Ert þú að gera eitthvað skemmtilegt?

Þá viljum við fjalla um þig.

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

FJÓRAR DÍVUR Í FRÍKIRKJUNNI

Fríkirkjan
20:00

Blúsdívor í kirkjunni

„Ég geri ráð fyrir að þetta verði virkilega falleg og notaleg kvöldstund,“ segir Ragnheiður Gröndal söngkona en hún mun koma fram í Fríkirkjunni ásamt Kristjönu Stefánsdóttur, Brynhildi Björnsdóttur og hinni bandarísku Deitru Farr. Tónleikarnir eru hluti af Blúshátíð í Reykjavík.


Deitra Farr er talsvert þekkt blús-, sálar- og gospelsöngkona frá Chicago í Bandaríkjunum. Hin 52 ára Farr hefur komið fram í yfir 30 löndum en hún söng hér á landi í fyrra. „Ég heyrði í henni í fyrra og hún er hörkugóð. Svona týpísk bandarísk negrasálmásöngkona. Hún er alveg með þetta,“ segir Ragnheiður sem lofar því að fólk verði ekki fyrir vonbrigðum. „Þetta verður voðalega þægilegt og notalegt.“



Mynd/Golli

28
mars

sunnudagur



LJÓSMYNDASÝNING

Thorvaldsen

11:30 Þessa dagana sýnir María Kristín Steinsson ljósmyndir sem hún tók á árinu 2009. María er með BA-gráðu í fögurum listum frá City & Guilds of London Art School. María hefur tekið þátt í samsýningum bæði hér á Íslandi og í Bretlandi en þetta er fyrsta einkasýning hennar á ljósmyndum. Tilvalið að nýta sunnudaginn í að skella sér á ljósmyndasýningu.

KLASSÍK Í HÁDEGINU

Gerðuberg

13:15 Natalia Benedetti klarinettleikari og Sebastiano Brusco pianóleikari flytja klassíska tónlist í hádeginu en listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir.



ÓLÍVER!

Þjóðleikhúsið

15:00 og 19:00 Eftir tuttugu ára hlé gefst Íslendingum aftur ferri á að slást í för með götustráknum Ólíver Twist sem lendir í ýmsum ævintýrum og hindrunum í lífsbaráttu sinni. Ólíver! sem er byggður á ódauðlegri sögu Charles Dickens er einn vinsælasti söngleikur allra tíma. Leikstjórn er í höndum Selmu Björnsdóttur.



ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Seljaskóli

17:00 ÍR-ingar náðu að tryggja sig inn í úrslitakeppnina í lokaleik deildarkeppninnar og etja því kappi við deildarmeistarana í KR í 8-liða úrslitum Íslandsmeistarans. Mæta Breiðhýltingar ofjörlum sínum eða ná þeir að koma á óvart og stríða Íslandsmeistarunum?



KIRKJULISTAHÁTÍÐ

Hallgrímskirkja

17:00 Opnunartónleikar Kirkjulistahátíðar bera nafnið "Amen höfuðskepnanna fjögurra". Um er að ræða einstaka orgelpupplifun þar sem Hans-Ola Ericsson, heimspæktur organisti frá Svíþjóð, flytur eigið verk þar sem hann blandar saman orgeli og rafhljóðum. Þetta er 12. kirkjulistahátíðin sem Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir.

ÓRAR Á NESINU

Norðrúppólinn

20:00 Fjórða og jafnframt síðasta sýningin á þessu framúr-stefnulega dansverki sem er samið af Spiral dansflokknum í samvinnu við Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, Gianluca Vincentini og Róbert Reynisson. Haldið í sýningarrými Norðrúppólsins á Seltjarnarnesi.



HARRY OG HEIMIR

Borgarleikhúsið – Litli salur

20:00 Bráðskemmtileg sýning sem hefur sannarlega slegið í gegn í vetur. Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson fara á kostum í hlutverkum einkaspæjaranna Harrys Rögnvalds og Heimis Schnitzels og Örn Arnason er ekki síðri sem sögumaðurinn. Harry og Heimir nutu gríðarlegra vinsælda í útvarpi á 9. áratugnum en nú stíga þeir félagar á svið í fyrsta sinn.



FAUST

Borgarleikhúsið

20:00 Það eru liðin fjórutíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri til að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skipti er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

SIRKUS SÓLEY

Salurinn

20:00 Íslenskur sirkushópur sýnir listir sínar í Salnum í Kópavogi. Hópurinn lofar spennandi sirkussýningu þar sem fjór og dírfska ráða för og áhorfendur mega búast við krassandi sirkusatríðum, áhættuatríðum og vænum brögðum sem aldrei hafa sést áður á Íslandi.



BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Café Rósenberg

21:00 Blúsnum verður gert hátt undir höfði á Blúshátíð í Reykjavík eða Reykjavík Blues Festival sem fer fram í Reykjavík dagana 27. mars til 1. apríl. Ytarlega dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu hennar, www.blues.is.



HRAFNASPARK Í DJASSVEIFLU

Mósaik

21:00 Djasshljómsveitin Hrafnaspark frá Akureyri býður í laufletta sveiflu í Mósaikhúsinu (gamla Ymishúsið) á sunnudagskvöldið. Tríóið hefur verið starfandi frá árinu 2001 og hefur komið fram á talsverðum fjölda djasshátíða auk þess sem þeir félagar gáfu út sína fyrstu plötu árið 2006.

ÞYNNKUBÍÓ Á PRIKINU

Prikið

22:00 Prikið býður landsmenn sem þjáast af timburmönnum sérstaklega velkomna á bíósýningu í notalegu og hlýlegu umhverfi. Að þessu sinni verður John Carpenter-myndin Prince of Darkness á boðstólum.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub

22:00 Trúbadorinn Kjartan mun halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstæti. Hann mun spila slagara til 01:00 eftir miðnætti.

monitor@monitor.is

90%

ÍSLENDINGA LESA MORGUNBLAÐIÐ OG MBL.IS Í VIKU HVERRI

Ef þú átt erindi við þjóðina þarftu ekki að leita lengra.
Daglega nærðu til nær 70% og í viku hverri til 90% landsmanna.

Þetta kemur fram í mælingu Capacent á notkun fjölmiðla
frá nóvember 2009 til janúar 2010.

(Hér er átt við daglegan og vikulegan lestur á bæði Morgunblaðinu og mbl.is
eða öðru hvoru þeirra.)



18 þúsund **vinir** **þínir** dansa til að gleyma.

Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vínahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti
vínahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.